

MÓEIÐUR ANNA SIGURÐARDÓTTIR OG
RÓSA ÞORSTEINSDÓTTIR

„EIN SLÍK SAGA GETUR SPILLT FYRIR ÖLLU SAFNINU“

*Áhrif Guðbrands Vigfússonar á
Þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar*

Þeir Jón Árnason (1819–1888) og Magnús Grímsson (1825–1860) eru jafnan taldir frumkvöðlar í skipulegri söfnun íslenskra þjóðsagna á seinni hluta nítjándu aldar. Það kom í hlut Jóns að ljúka verkinu með útgáfu safnsins sem er ávallt við hann kennt og kallað „þjóðsögur Jóns Árnasonar.“ Þegar kom að því að gefa út þetta fyrsta stóra safn þjóðsagna komu þó ýmsir aðrir þar að og ber þá helst að nefna þýska fræðimanninn Konrad Maurer (1823–1902) sem sá um prentunina í Þýskalandi. Hann má einnig teljast ritstjóri safnsins og það var að frumkvæði hans sem Guðbrandur Vigfússon (1827–1889), þá styrkþegi Árnanefndar í Kaupmannahöfn, var einnig fenginn til aðstoðar. Hér á eftir verður fjallað um þátt Guðbrands í útgáfuferlinu og áhrif hans á sagnaefnið og umgjörð þjóðsagnasafnsins.

Þjóðsagnasöfnun hefst

Árið 1845 er talið upphafsár skipulagðrar þjóðsagnasöfnunar í anda Grimm bræðra á Íslandi.¹ Oftast er litið svo á að söfnunin sem þá hófst hafi átt sér

1 Ögmundur Helgason, „Upphaf að söfnun íslenskra þjóðfræða fyrir áhrif frá Grimms-bræðum,“ *Árbók Landsbókasafns Íslands* (1989) nýr fl. 15 (1991): 117. Áður hafði tvegis verið kallað eftir að sagnaefni væri safnað á Íslandi: í spurningaskrá fornleifanefndarinnar (Commissionen for oldsagers opbevaring) 1917 og í ritstjórnargrein í *Fjölni* 1838 (*Frásögur um fornaldarleifar 1817–1823*, Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Rit 24 (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1983), I [xxxviii]; „Fjölnir,“ *Fjölnir* 4 (1838): 13; sjá einnig Terry Gunnell, „Jón Árnason and the Collection of Icelandic Folk Legends: Ripples, Flotsam, Nets and Reflections,“ *Grimm Ripples: The Legacy of the Grimms' Deutsche Sagen in Northern Europe*, ritstj. Terry Gunnell. National Cultivation of Culture 30 (Leiden og Boston: Brill, 2022), 386–392.

tvær óskyldar uppsprettur.² Annars vegar birti enski fornritafræðingurinn George Stephens (1813–1895) ákall í *Antiquarisk Tidsskrift*, málgagni Fornfræðafélagsins í Danmörku,³ um að hefja skuli söfnun á Íslandi.⁴ Hins vegar var um að ræða skólabræður úr Bessastaðaskóla, þá Jón Árnason⁵ og Magnús Grímsson.⁶ Guðbrandur Vigfússon segir í formála þeim sem fylgdi *Íslenzkum þjóðsögum og æfintýrum* árið 1862 að Íslendingar hafi gefið ákalli Stephens: „litla áheyrn [...] ekki tæki að skrifa upp og senda burt til útlanda [...] Meðan á þessu stóð þokaði safni þeirra Jóns Árnasonar og síra Magnúsar nokkuð fram [...]“.⁷ Árið 1852 leit svo fyrsta prentaða þjóðsagnasafnið dagsins ljós með titlinum *Íslenzk æfintýri* og var efni bókarinnar skipt niður í 31 tölusett atriði og taldi 144 blaðsíður. Í bókinni eru bæði kvæði og sagnir en ekki eiginleg ævintýri, samkvæmt nútímaskilgreiningu, þrátt fyrir titilinn.⁸

Í formála Jóns og Magnúsar segjast þeir vona að landar þeirra „fyrstist ekki“ enda sé safnið „öllu fremur til sóma, en ósóma fyrir þjóðina.“⁹ Viðtökur við útgáfunni voru vægast sagt blendnar og Terry Gunnell orðar það svo að „þrátt fyrir áhugann á „alþýðlegum fornfræðum“ [...] erlendis er ljóst að saga þjóðfræða á Íslandi hófst með vandræðalegri þögn – ekki lófatki“.¹⁰ Skeytingarleysið á Íslandi virðist enda hafa dregið kjarkinn úr þeim

2 Gunnell, „Jón Árnason and the Collection of Icelandic Folk Legends,” 392–401.

3 George Stephens, „Forslag til Islændernes uudgivne Folkesagns og Sanges Optegnelse og Bevaring,” *Antiquarisk Tidsskrift* 1843–1845: 191–192.

4 George Stephens hafði áður unnið að söfnun á sænsku efni með sænska þjóðsagnasafnaranum Hylltén-Cavallius: sjá John Lindow, „George Stephens: An Unlikely Conduit,” *Grimm Ripples: The Legacy of the Grimms' Deutsche Sagen in Northern Europe*, ritstj. Terry Gunnell. National Cultivation of Culture 30 (Leiden og Boston: Brill, 2022), 239–258.

5 Nánar má lesa um Jón Árnason í grein Rósu Þorsteinsdóttur „Jón Árnason, ævi og störf,” *Andvari* (2019): 87–101.

6 Nánar má lesa um Magnús Grímsson og þátt hans í þjóðsagnasöfnuninni í kveri Sigurðar Nordals, *Síra Magnús Grímsson og þjóðsögurnar* (Reykjavík: Þjóðsaga, 1971) og grein Rósu Þorsteinsdóttur „Þjóðsögur Magnúsar Grímssonar: Hlutur Magnúsar Grímssonar í upphafi þjóðsagnasöfnunar á 19. öld,” *Gripla* 31 (2020): 105–124.

7 Guðbrandur Vigfússon, „Formáli,” Jón Árnason, *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri* (Leipzig: Hinrichs's Bókaverzlun, 1862–1864), I xxviii.

8 Magnús Grímsson og Jón Árnason, *Íslenzk æfintýri* (Reykjavík: E. Þórðarson, 1852).

9 Sama heimild, vi.

10 Terry Gunnell, „Viðhorf landsmanna til „þjóðmenningar“ og þjóðsagnasöfnunar um það leyti er Sigurður Guðmundsson kom heim frá Danmörku árið 1858,” *Málarímm og menningarsköpun: Sigurður Guðmundsson og Kvöldfélagið 1858–1874*, ritstj. Karl Aspelund og Terry Gunnell. Rit Þjóðminjasafns Íslands 47 (Reykjavík: Opna og Þjóðminjasafn Íslands, 2017), 236.

Jóni og Magnúsi¹¹ allt þar til Þjóðverjinn Konrad Maurer kom til sögunnar og blés í glæður þjóðsagnasöfnunar á Íslandi. Magnús hafði þá tekið við prestsstöðu og entist ekki aldur til að taka þátt í næsta þjóðsagnaævintýri með Jóni því að hann lést árið 1860.¹²

Konrad Maurer

Konrad Maurer virðist snemma hafa fengið áhuga á Íslandi sem sést á því að fyrstu skrif hans um Ísland eru frá árinu 1852 og hann var frá árinu 1855 í bréfasambandi við Jón Sigurðsson (1811–1879).¹³ Maurer fór fljótlega að skipuleggja ferð til Íslands og siglir þangað í lok apríl 1858.¹⁴ Áður en hann ferðaðist um landið, meðal annars til að safna sögum, dvaldi hann í Reykjavík í um tvo mánuði. Þar hitti hann Jón Árnason, hvatti hann eindregið til áframhaldandi þjóðsagnasöfnunar og lofaði að freista þess að finna útgefanda fyrir íslenskar þjóðsögur í Þýskalandi.¹⁵ Árið 1860 kom út afrakstur af ferð Maurers, safn af íslenskum þjóðsögum á þýsku, sem hann nefndi *Isländische Volkssagen der Gegenwart*.¹⁶ Við söfnunina hafði einlæg

11 Rósa Þorsteinsdóttir, „Jón Árnason, ævi og störf“, 90.

12 Magnús vann samt með Jóni að undirbúningi útgáfunnar allt fram að andlátinu líkt og kemur fram í bréfi frá honum frá 30. maí 1859: „Þú notar mig ef þú þarft og getur til að hreinskrifa eitthvað af sögum, [...] Eg óska af alhuga að verkið blessist okkur báðum og öllum, sem að því styðja.“ Bréf til Jóns Árnasonar frá Íslendingum eru varðveitt á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum undir safnmarkinu NKS 3010 4to. Mörg þeirra hafa verið skrifuð upp og gerð aðgengileg á ismus.is. Bréfið frá Magnúsi er einnig prentað í *Úr fórum Jóns Árnasonar: Sendibréf*, 2 b., útg. Finnur Sigmundsson (Reykjavík: Hlaðbúð, 1950–1951), I 119–120.

13 Rósa Þorsteinsdóttir, „Konrad Maurer: Cultural Conduit and Collector“, *Grimm Ripples: The Legacy of the Grimms' Deutsche Sagen in Northern Europe*, ritstj. Terry Gunnell. National Cultivation of Culture 30 (Leiden og Boston: Brill, 2022), 363–364.

14 Konrad Maurer, *Íslandsferð 1858*, þýð. Baldur Hafstað (Reykjavík: Ferðafélag Íslands, 1997), 5–13. Ferðabók Maurers kom fyrst út á íslensku en hefur nú verið gefin út á frummálinu (Konrad Maurer, *Reise nach Island (im Sommer 1858)*. Útg. Alessia Bauer og Kurt Schier. Münchner Nordistische Studien 31. München: Herbert Utz Verlag, 2017), hér á eftir verður aðeins vitnað til íslensku útgáfunnar.

15 Kurt Schier, „Konrad Maurer, ævi hans og störf“, Konrad Maurer, *Íslandsferð 1858*, þýð. Baldur Hafstað (Reykjavík: Ferðafélag Íslands, 1997), xxv; Rósa Þorsteinsdóttir, „Konrad Maurer“, 372.

16 Konrad Maurer, *Isländische Volkssagen der Gegenwart* (Leipzig: J. C. Hinrichs'sche Buchhandlung, 1860). Auk þeirra munnlegu heimilda sem Maurer safnaði eru í bókinni þýðingar hans á *Íslenskum æfintýrum* í heild sinni og efni sem hann byggir á öðrum skriflegum heimildum. Þýðing á sagnasafni Maurers kom út 2015 (Konrad Maurer, *Íslenskar alþýðusögur á okkar tímum: Leipzig 1860*, þýð. Steinar Matthíasson (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2015)).

framkoma og áhugi Maurers á þjóðsagnaefni heillað Íslendinga svo að lengi var í minnum haft og átti það eftir að liðka fyrir frekari söfnun á þjóðsögum.¹⁷ Maurer sjálfur virðist hafa haft áframhaldandi söfnun í huga á ferð sinni um landið því að hann hvatti einhverja heimildarmenn sína til þess að halda áfram að safna saman þjóðsagnaefni og láta Jóni Árnasyni í té.¹⁸

Þetta sama sumar kom Guðbrandur Vigfússon til Íslands og þeir Maurer hittust í Holti í Saurbæ laugardaginn 14. ágúst. Þeir ferðuðust saman í tvær vikur um innanverðan Breiðafjörð og Breiðafjarðareyjar. Leiðir skildi í Hjarðarholti í Laxárdal en þeir hittust aftur í Reykjavík og urðu síðan samferða með skipi til Kaupmannahafnar um haustið.¹⁹ Kynni Guðbrands Vigfússonar og Konrads Maurer höfðu hafist árið 1856 þegar Guðbrandur sendi Maurer bækur með „hr. cand. jur. Nellemann“²⁰ og þar á meðal fyrsta hluta af Biskupa sögum sem Guðbrandur vann þá að útgáfu af.²¹ Í bréfinu frá 11. júní lýsir Maurer þakklæti sínu og gleði, ekki síst er hann glaður yfir að hafa nú kynnst Guðbrandi. Þeir áttu síðan eftir að kynnst enn betur á meðan Maurer dvaldist í Kaupmannahöfn til að undirbúa ferð sína til Íslands. Hann vildi kynnst Íslendingum, fræðast um aðstæður á landinu og læra íslensku. Jón Sigurðsson mælti með að hann fengi Guðbrand sem íslenskukennara og það varð úr. Næst hittust þeir síðan áður en Maurer steig um borð í Íslandsfarið snemma vors 1858 og gátu þeir þá skipulagt samveru sína seinna um sumarið.²²

17 Rósa Þorsteinsdóttir, „Konrad Maurer,“ 366–367.

18 Til dæmis vísar Maurer Jóni bæði á Skúla Gíslason (1825–1888) og Hólmfríði Þorvaldsdóttur (1812–1876) sem átti eftir að verða ein mesta sagnakona Jóns, sjá Rósa Þorsteinsdóttir, „Konrad Maurer,“ 373; Rósa Þorsteinsdóttir, „Jón Árnason þjóðsagnasafnari og heimildarfólkið hans,“ *Grasahnoss: Minningarrit um hjónin Rögnu Ólafsdóttur og Ögmund Helgason*, ritstj. Gísli Magnússon, Hjalti Pálsson, Sigurjón Páll Ísaksson og Sölvi Sveinsson (Saudárkróki: Sögufélag Skagfirðinga, 2014), 137–140.

19 Maurer, *Íslandsferð 1858*, 222–297; Konrad Maurer, „Guðbrandur Vigfússon,“ *Zeitschrift für deutsche Philologie* 22 (1890): 214–215.

20 Eins og kemur fram í bréfi Maurers til Guðbrands Vigfússonar frá 11. júní 1856. Bréf frá Konrad Maurer til Guðbrands Vigfússonar eru varðveitt með gögnum Guðbrands í Bodleian safni í Oxford undir safnmarkinu Bodl. GV Germ. d.2. Mörg þeirra hafa verið skrifuð upp og eru aðgengileg á Íslenskum músík- og menningararfur: <https://ismus.is/tjodfraedi/bref/?sendandi=636&mottakandi=62&sida=1>, sótt 10. júlí 2025.

21 „Sendillinn“ hlýtur að vera Johannes Nellemann (1831–1906) sem seinna varð prófessor við Kaupmannahafnarháskóla og enn síðar dómsmálaráðherra og ráðherra Íslands, sjá Ditlev Tamm, „Johannes Nellemann,“ *Danmarks Nationalleksikon*, sótt 28. júlí 2025 af https://lex.dk/Johannes_Nellemann.

22 Maurer, „Guðbrandur Vigfússon,“ 214.

Guðbrandur Vigfússon

Guðbrandur Vigfússon fæddist í Galtardal á Fellsströnd 13. mars 1827. Foreldrar hans voru Vigfús Gíslason (1798–1867) gullsmíður og eiginkona hans Halldóra Gísladóttir (1793–1866). Jón Þorkelsson (1859–1924) rekur ættir Guðbrands og eru það miklar höfðingjaættir. Þar eru nefndir margir sýslumenn, lögmenn og prestar og jafnvel biskupar en Þorkell Eyjólfsson (1815–1891), faðir Jóns, og Guðbrandur voru systkinasynir.²³ Katrín Vigfúsdóttir (1769–1843), afasystir Guðbrands, tók hann að sér í æsku og kom honum til mennta. Hann kom í Bessastaðaskóla 1844 og útskrifaðist síðan úr Lærða skólanum í Reykjavík 1849. Eftir það fór hann til Kaupmannahafnar og hóf háskólanám í latínu og grísku en sneri sér fljótlega að norrænum fræðum og varð styrkþegi Árnaneðndar 1856.²⁴ Guðbrandur varð mikilvirkur fræðimaður á sviði norrænna fræða og gaf út fjölda fornra texta.²⁵ Hann ferðaðist bæði til Noregs og Þýskalands á meðan hann bjó í Kaupmannahöfn og skrifaði skemmtilegar ferðalýsingar sem birtust í *Nýjum félagsritum* sem hann ritstýrði ásamt Jóni Sigurðssyni 1858–1864.²⁶ Aðra góða lýsingu gaf Guðbrandur á heimsókn sinni til Jakobs Grimm í Berlín en þar hafði hann þriggja daga viðdvöl á leið sinni

23 Jón Þorkelsson, „Guðbrandur Vigfússon,“ *Andvari* 19/1 (1894): 1–7.

24 Ragnheiður Mósesdóttir, „Guðbrandur Vigfússon: An Icelandic Philologist in Oxford,“ *Old Norse-Icelandic Philology and National Identity in the Long Nineteenth Century*, ritstj. Gylfi Gunnlaugsson og Clarence E. Glad. National Cultivation of Culture 28. (Leiden og Boston: Brill, 2022), 394–395. Upplýsingar um ævi Guðbrands eru helst sóttar í Jón Þorkelsson, „Guðbrandur Vigfússon,“ *Andvari* 19/1: 1–36 og Benedikt S. Benedikz, „Guðbrandur Vigfússon: A Biographical Sketch,“ *Úr Döllum til Dala: Guðbrandur Vigfússon Centenary Essays*, ritstj. Rory McTurk og Andrew Wawn. Leeds Texts and Monographs. New Series 11 (Leeds: University of Leeds, 1989), 11–33.

25 Yfirlit yfir þær útgáfur og önnur rit Guðbrands er að finna í „Skrá um ritstörf Guðbrands Vigfússonar,“ *Andvari* 19/1 (1894): 36–43; sjá einnig Ragnheiður Mósesdóttir, „Guðbrandur Vigfússon,“ 395–398.

26 Guðbrandur Vigfússon, „Ferðasaga úr Noregi,“ *Ný félagsrit* 15 (1855): 1–83; þessi frásögn var þýdd og birt í norsku blaði áður en hún kom út á íslensku (sjá Jón Þorkelsson, „Guðbrandur Vigfússon,“ 11) en löngu seinna var hún gefin út sérstaklega með eftirmála eftir Hallfréð Örn Eiríksson: Guðbrandur Vigfússon, *Ein Íslendingi í Noreg: Ei reiseskildring frá 1854*. Þýð. Ingeborg Donali. Vallset: Oplandske Bokforlag, 1990; umfjöllun um ferðasöguna úr Noregi er í Ragnheiður Mósesdóttir, „Guðbrandur Vigfússon,“ 398–399; Guðbrandur Vigfússon, „Ferðasaga úr Þýskalandi,“ *Ný félagsrit* 20 (1860): 23–143; niðurlag frásagnarinnar birtist einnig í Guðbrandur Vigfússon, „Ferðasaga um Þýskaland“ *Íslenzkar úrválgreinar. III. bindi greinar frá níjándu öld*, ritstj. Bjarni Vilhjálmsson og Finnþogi Guðmundsson (Reykjavík: Menningarsjóður, 1978), 89–95.

til Maurers í München.²⁷ Haustið 1864 fluttist hann til Englands til þess að vinna að orðabók Richard Cleasbys²⁸ og dvaldist í London fyrstu árin en átti síðan heima í Oxford til æviloka. Guðbrandur lauk aldrei prófi í Kaupmannahöfn en hlaut heiðursmeistaragráðu í Oxford og hafði nokkra nemendur: „All of these were one way or another influenced in their lives or careers by Vigfússon, and all have left affectionate reminiscences of him.“²⁹ Þegar Guðbrandur kom fyrst til London var Eiríkur Magnússon (1833–1913) í Frakklandi en hann átti síðan eftir að verða bókavörður við háskólabókasafnið í Cambridge. Svo virðist sem þeir hafi fyrst orðið góðir kunningjar en tvisvar áttu þeir í harðvítugum deilum „er af varð fullur fjandskapur milli þeirra og entist meðan þeir lifðu.“³⁰ Guðbrandur var gerður að heiðursdoktor við Uppsalaháskóla árið 1877 en fékk ekki fasta stöðu við Oxfordháskóla fyrr en 1884. Þeirri stöðu gegndi hann þar til hann lést 31. janúar 1889.

Þeir Guðbrandur Vigfússon og Konrad Maurer voru ef til vill ekki aldavinir ævilangt eins og flestar heimildir telja.³¹ Árið 1874 heim-sótti Guðbrandur Maurer í síðasta sinn en Maurer segir í minningargrein um Guðbrand að eftir það hafi þeir ekki skrifast eins mikið á og fyrr.³² Vinskapurinn virðist að minnsta kosti vera farinn að dvína þegar Guðbrandur skrifar til fræðimannsins Hugo Gerings (1847–1925) þann

27 Guðbrandur Vigfússon, „Prologue in Berlin,“ Guðbrandur Vigfússon og F. York Powell, *Sigfred-Arminius and Other Papers*. Oxford: Clarendon Press, 1886, 1–4; sjá einnig Katrín Matthíasdóttir, „... augliti til auglitis við Jacob Grimm fáein andartök,“ *Saga* 48/2 (2010): 181–195.

28 Um sögu þeirrar útgaflu má lesa í Jón Þorkelsson, „Guðbrandur Vigfússon,“ 14–16; Benedikt S. Benedikz, „Guðbrandur Vigfússon,“ 18–22; William A. Craigie, „Preface,“ Richard Cleasby, Guðbrandur Vigfússon og William A. Craigie, *An Icelandic-English Dictionary* 2. útg. (Oxford: Clarendon Press, 1957), iii–vii; Elizabeth Knowles, „Notes on a First Edition of “Cleasby-Vigfússon”,“ *Saga-Book* 20 (1978–81): 165–178; sjá einnig um áhrif orðabókarinnar Andrew Wawn, *The Vikings and the Victorians: Inventing the Old-North in Nineteenth-Century Britain* (Cambridge: D. S. Brewer, 2000), 344–346, 349.

29 Benedikt S. Benedikz, „Guðbrandur Vigfússon,“ 21.

30 Stefán Einarsson, *Saga Eiríks Magnússonar* (Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1933), 84; sjá einnig Wawn, *The Vikings and the Victorians*, 129, 356; um þessar deilur má lesa nánar í bók Stefáns, 84–93 og 217–230; sjá einnig Ragnheiður Mósedóttir, „Guðbrandur Vigfússon,“ 402–404.

31 Sjá t.d. Schier, „Konrad Maurer, ævi hans og störf,“ xxiii; Katrín Matthíasdóttir, „... augliti til auglitis við Jacob Grimm fáein andartök,“ 185; Rósa Þorsteinsdóttir, „Konrad Maurer,“ 365.

32 Maurer, „Guðbrandur Vigfússon,“ 218.

8. apríl 1879: „I am sad at reading Maurer’s wearisome criticisms, leaden monotony, reasoning & juristerei and no soul or sympathy [...] I am tired of it.“³³ Gering tekur upp hanskann fyrir Maurer og aðra þýska fræðimenn í svarbréfi 24. maí sama ár og segir að hann muni taka þessu svo að Guðbrandur hafi verið í vondu skapi þegar hann skrifaði bréfið.³⁴ Fáum árum seinna, eða 9. júní 1884, heldur Guðbrandur þó uppteknum hætti: „I have lost my faith and sympathy in your Möbiuses & Maurers ...“³⁵ og aftur snýst Gering til varnar. Hann telur að þýskir og norrænir fræðimenn sýni meiri nákvæmni og vandvirkni en þeir bresku og endar á að segja:

Hiernach werden Sie es auch verstehen, dass ich Ihre früheren arbeiten, die Eyrbyggja s., Fornsögur, Biskupasögur, Flateyjarbók etc. höher schätze als Ihre letzten publicationen (Sturl. u. Corpus), obwol ich auch in diesen die glänzende combinationsgabe und den reichtum an neuen und fruchtbaren gedanken bewundere.³⁶

Heimildir tala einmitt iðulega um að á meðan Guðbrandur var í Kaupmannahöfn „under the keen eye of Jón Sigurðsson and the Arnamagnæan Commission he did well“³⁷ en eftir að hann flutti til Englands hafi hann ekki viðhaft nógu vönduð vinnubrögð í fræðastörfum sínum. Maurer gefur þetta viðhorf sannarlega til kynna í minningargrein sinni um Guðbrand um leið og hann minnst hans með hlýju sem kærar vinar.³⁸ Sigurður Nordal segir að „samvinna þeirra Maurers og Guðbrands [hafi verið] mikil og merkileg, en verður þó líklega lengst í minnum höfð vegna Þjóðsagnanna.“³⁹

33 Hans Fix, „Gudbrand Vigfusson, Hugo Gering, and German Scholarship: Or, A Friendship Destroyed,” *Frederic Amory in Memoriam: Old Norse-Icelandic Studies*, ritstj. John Lindow og George Clark. The Wildcat Canyon Advanced Seminars: Occasional Monograph Series 2. (Berkeley og Los Angeles: North Pinehurst Press, 2015), 288.

34 Sama rit, 290.

35 Sama rit, 297.

36 Sama rit, 299.

37 Ragnheiður Mósesdóttir, „Guðbrandur Vigfússon,” *Old Norse-Icelandic Philology and National Identity in the Long Nineteenth Century*, 410.

38 Maurer, „Guðbrandur Vigfússon,” 218–219; sjá einnig t.d. Ragnheiður Mósesdóttir, „Guðbrandur Vigfússon,” 410–412; Fix, „Gudbrand Vigfusson, Hugo Gering, and German Scholarship,” 300–302.

39 Sigurður Nordal, „Forspjall,” *Þjóðsagnabókin: Sýnisbók íslenzkra þjóðsagna I*, (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1971), xxxi.

Þjóðsögurnar

Stuttu eftir heimkomuna frá Íslandi skrifaði Konrad Maurer Jóni Árnasyni og sagðist vera kominn með munnlegt samþykki útgefandans Rost í Leipzig til þess að gefa út íslenskt þjóðsagnaefni í þremur bindum.⁴⁰ Eins og áður kom fram höfðu þeir Jón og Magnús svo gott sem misst móðinn hvað þjóðsagnasöfnun varðar eftir dræmar viðtökur *Íslenzkra æfintýra*. Þessi frétt virkaði því eins og langþráð vítamínsprauta og Jón tók upp þráðinn við vinnuna að áframhaldandi söfnun íslenskra þjóðsagna. Áhrif Maurers á söfnun og útgáfu íslenskra þjóðsagna eru óumdeild og án hans væri saga þjóðsagnaútgáfu á Íslandi önnur⁴¹ eða líkt og Guðbrandur Vigfússon skrifaði í formálanum að *Íslenzkum þjóðsögum og æfintýrum* „hefði þetta mál að líkum dottið þar niður, ef ekki hefði hans að notið.“⁴²

Upphófst nú vinnan sem átti eftir að leiða til útgáfu *Íslenzkra þjóðsagna og æfintýra* í tveimur bindum á árunum 1862–1864. Jón Árnason var ekki í aðstöðu til að ferðast um landið og safna sjálfur líkt og Maurer hafði gert enda bundinn í báða skó við fjölmörg störf í Reykjavík og vann alla tíð að þjóðsagnasöfnun í frítíma sínum.⁴³ Jón greip til þess ráðs sem hann lýsir svo í formála sem hann skrifaði fyrir þjóðsagnasafnið: „Þegar Maurer var farinn héðan um haustið 1858 tók ég mig til og skrifaði í allar áttir vinum mínum og skólabræðrum og öðrum fræðimönnum víðs vegar um landið og lét þar með fylgja yfirlit yfir það sem ég óskaði helst að safnað væri; það yfirlit kallaði ég *Hugvekju*.“⁴⁴ Viðtökurnar við Hugvekju Jóns voru góðar, snöggjum betri en þeir Jón og Magnús höfðu fengið nokkrum árum fyrr og tók nú mikið efni að berast Jóni víðs vegar að af landinu.⁴⁵

40 Bréf frá Konrad Maurer til Jóns Árnasonar, 25. mars 1859. Bréf frá Maurer til Jóns Árnasonar eru varðveitt í Konungsbókhöldu í Kaupmannahöfn ásamt öðrum bréfum frá útlendingum undir safnmarkinu NKS 3009 4to. Mörg þeirra hafa verið skrifuð upp og eru aðgengileg á Íslenskur músík- og menningararfur: <https://ismus.is/tjodfraedi/bref/?sendandi=636&mottakandi=2738&sida=1>, sótt 28. júlí 2025.

41 Rósa Þorsteinsdóttir, „Konrad Maurer,“ 384.

42 Guðbrandur Vigfússon, „Formáli,“ xxviii.

43 Gunnell, „Jón Árnason and the Collection of Icelandic Folk Legends,“ 402, 411–412; Rósa Þorsteinsdóttir, „Jón Árnason, ævi og störf,“ 93.

44 Jón Árnason, „Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri,“ (Reykjavík: Þjóðsaga, 1954–1961), I xx. Hugvekjan birtist fyrst á prenti í tímaritinu *Norðra* sem kom út á Akureyri þann 30. maí og þar skrifar undir Jón Borgfirðingur (1826–1912) sem var samstarfsmaður Jóns Árnasonar við þjóðsagnasöfnunina. Ítarlegri útgáfu birti Jón í tímaritinu *Íslendingur* þann 19. október árið 1861, þá undir eigin nafni.

45 Gunnell, „Jón Árnason and the Collection of Icelandic Folk Legends,“ 403.

Ritstjórnarferli þjóðsagnasafnsins var nokkuð flókið og fyrst ber að nefna að efnið sem barst Jóni var iðulega skrifað upp eftir heimildarfólki, til dæmis af prestum.⁴⁶ Sumir skráðu sjálfir eða fengu aðra skrásetjara í verkið fyrir sig og var þá allur gangur á því hvort heimildarfólk var nafngreint eða ekki.⁴⁷ Jón breytti stundum efninu sem honum hafði borist, fór alls ekki dult með vinnubrögð sín og segir í formála þeim sem hann ætlaðist til að fylgdi safninu: „ef öllu hefði verið haldið orðréttu eins og mér barst það hefði safnið orðið næsta ólíkt sjálfu sér innbyrðis“.⁴⁸ Í fyrstu mun Jón hafa sent efnið milliliðalaust til Maurers en fljótlega komst þó sú aðferð á, að undirlagi Maurers, að efnið hafði viðdvöl hjá Guðbrandi Vigfússyni í Kaupmannahöfn.⁴⁹ Þetta var gert bæði vegna stopulla skipaferða til og frá Íslandi⁵⁰ en einnig vegna þess að Maurer taldi betra að Guðbrandur læsi yfir og leiðrétti það sem honum þætti þurfa þar sem hann taldi kunnáttu sinni í íslensku ábótavant.⁵¹ Á meðan efnið hafði viðdvöl í Kaupmannahöfn leitaði Guðbrandur stundum álits Jóns Sigurðssonar.⁵² Frá Kaupmannahöfn fór efnið svo til Maurers í Leipzig sem las yfir áður en það var sent til prentsmiðjunnar og lokahnykkurinn fór fram hjá setjara sem ekki kunni stakt orð í íslensku.⁵³ Augljóslega voru þarna ansi mörg skref frá uppsprettunni til hins prentaða orðs og því spurning hversu nákvæmlega var haft eftir hinum upprunalega sögumanni eins og lagt var

46 Terry Gunnell, „Clerics as Collectors of Folklore in Nineteenth-Century Iceland,“ *Arv: Nordic Yearbook of Folklore* 68 (2012): 50–59.

47 Konrad Maurer gefur góða lýsingu á ritstjórnarferli safnsins í bréfi til norska þjóðsagnasafnarans Peter Christen Asbjørnsen (1812–1885): NFS Asbjørnsen brev: Bréf Konrad Maurers til Peter Christen Asbjørnsen, 18. maí 1862: sjá Rósa Þorsteinsdóttir „Konrad Maurer,“ 375–376.

48 Jón Árnason, „Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri,“ I xxi.

49 NKS 3009 4to: Bréf frá Konrad Maurer til Jóns Árnasonar, 20. maí 1860.

50 NFS Asbjørnsen brev: Bréf Konrad Maurers til Peter Christen Asbjørnsen, 18. maí 1862.

51 Bodl. GV Germ. d.2: Bréf frá Konrad Maurer til Guðbrands Vigfússonar, 26. júní 1860. Maurer hafði góða reynslu af samvinnu við Guðbrand um útgáfu íslenskra þjóðsagna eins og fram kemur í formála að þjóðsagnasafni hans (Maurer, *Isländische Volkssagen der Gegenwart*, X–XI).

52 Rósa Þorsteinsdóttir, „Konrad Maurer,“ 374. Guðbrandur Vigfússon greinir Jóni Árnasyni frá aðkomu Jóns Sigurðssonar í bréfi dags. 1. janúar 1861 og skrifar: „Eg verð enn að bæta við dómi Jóns Sigurðssonar. Þegar eg fékk hina næstsiðustu sending yðar, sýndi eg hana Jóni, því eg vildi ekki senda M. ókarað og heldr ekki skrifa eptir þokka míns eins“: NKS 3010 4to. Mörg bréf Guðbrands til Jóns Árnasonar hafa verið skrifuð upp og eru aðgengileg á Íslenskur músík- og menningararfur: <https://ismus.is/tjodfraedi/bref/?sendandi=62&mottakandi=2738&sida=1>, sótt 28. júlí 2025.

53 Gunnell, „Jón Árnason and the Collection of Icelandic Folk Legends,“ 403.

upp með í byrjun. Þrátt fyrir að ástæður þessa fyrirkomulags hafi í byrjun aðeins virst vera af praktískum toga varð Guðbrandur „fullkomlega þátt-takandi í ritstjórn þjóðsagnasafnsins“⁵⁴ líkt og fram kemur hér á eftir.

Stærsti hluti handrits þess sem Jón sendi í mörgum hlutum, svokallað prentsmiðjuhandrit, varð eftir í München í gögnum Maurers og barst síðan til Ríkisbókasafnsins þar í borg (Bayerische Staatsbibliothek) en tvo hluta þess, sögur um einstaka galdramenn og kímnisögur, sendi Maurer Jóni með ódagsettu bréfi árið 1864⁵⁵ og eru þeir varðveittir með þjóðsagna-handritum Jóns í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.⁵⁶ Engin vitneskja var hér á landi um þann hluta prentsmiðjuhandritsins sem eftir varð í Þýskalandi fyrr en eftir að þjóðsögur Jóns Árnasonar höfðu verið gefnar út að nýju í sex bindum á árunum 1954–1961. Nákvæmar rann-sóknir á þeim breytingum sem Guðbrandur Vigfússon gerði á efni og umgjörð þjóðsagnasafnsins hafa þess vegna ekki verið auðveldar hér á landi fyrr en nú þegar bókasafnið í München hefur bæði afhent Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni handritið til varðveislu og birt stafrænar myndir af því á vefsíðu sinni.⁵⁷

Breyttar sagnir og viðbættar

Rithönd Guðbrands Vigfússonar er auðþekkjanleg þannig að auðvelt er að sjá athugasemdir hans, breytingar og viðbætur þegar prentsmiðjuhand-ritinu er flett. Breytingar hans eru margs konar og má skipta þeim í nokkra flokka. Til dæmis bætir hann stundum við neðanmálsgreinum og eru það þá oft upplýsingar um heimildir sem hann hefur haft betri aðgang að en Jón Árnason eða sem hann þekkti betur vegna vinnu sinnar við fornrit í Árnasafni.⁵⁸ Hann leiðréttir einnig staðreyndavillur, svo sem í sögunni af

54 Rósa Þorsteinsdóttir, „Jón Árnason, ævi og störf,“ 91.

55 NKS 3009 4to.

56 Sögur af einstökum galdramönnum er að finna í Lbs 530 4to og kímnisögur í Lbs 529 4to. Hluti þess efnis sem Jón sendi en var ekki prentað er í Lbs 532 4to.

57 Münchener DigitalisierungsZentrum: <https://www.digitale-sammlungen.de/en/manuscripts-in-further-european-languages/items>, sótt 28. júlí 2025. Sjá einnig Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn: https://landsbokasafn.is/index.php?mact=News,cntnto1,detail,o&cntnto1articleid=1911&cntnto1origid=42&cntnto1detailtemplate=LBS_News-Detail&cntnto1returnid=42, sótt 10. júlí 2025.

58 Svo sem við söguna „Snemma beygist krókurinn, sem verða vill“ þar sem Guðbrandur bætir við neðanmáls: „Sbr. Snorra-Eddu um skipið Naglfara og skó Viðars“ (Jón Árnason,

Þórði Magnússyni á Strjúgi þar sem hann stríkar út setningu um að Þórður hafi verið einn af þeim sem orti á móti Skautaljóðum.⁵⁹

Þá kemur fyrir að Guðbrandur bæti upplýsingum við neðanmáls um ýmislegt sem hann þekkir af sínum heimaslóðum í Dölunum og leiðrétti sögur sem eiga að gerast þar eða í nágrenninu. Meðal þeirra eru sögur af forn mönnum, svo sem Geirmundi heljarskinn, Steinólfi lága og Einari skálaglamm.⁶⁰ Hann bætir einnig við sögum hér og þar og oft tengjast þær líka Dölunum, svo sem „Illþurka“,⁶¹ „Skarðs-Skotta“,⁶² og „Ólöf ríka á Skarði.“⁶³

Í sumum tilfellum gefst hann þó upp á að breyta sögnum sem honum finnast ekki nógu góðar. Þá stríkar hann alveg út og skrifar upp á nýtt.⁶⁴ Maurer tekur yfirleitt mark á slíkum breytingum og lætur prenta þær en oftast þegar Guðbrandur skrifar athugasemdir á spássíur gerir Maurer ekkert með þær í útgáfunni. Gott dæmi um þannig athugasemd er sú sem Guðbrandur gerir við söguna „Stúlkan í Álptamyrarsókn“.⁶⁵ Við hana skrifar hann: „Þessi saga er ósöguleg. Jón Sigurðsson sem er hédan ættaðr hefir aldrei heyrt hennar getið. Hvernig Jón Borgf. hefir komist að henni er bágð að vita. Eg held það væri réttast að sleppa henni, hún er raunar fánýti.“⁶⁶ Maurer sleppir sögunni ekki og lætur ekki prenta neina athugasemd við hana. Þessi dæmi og aðrar breytingar Guðbrands sýna glöggð að hann taldi ekki öll tilbrigði þjóðsagna jafnréttá og að sum þeirra væru réttari en önnur.

Guðbrandur bætir einnig við annarri draugasögu sem hann hefur eftir Jóni Sigurðssyni. Þetta er sagan „Holta-Jóka á Álptamýri“ en af handritinu

Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri (Leipzig: Hinrichs's Bókaverzlun, 1862–1864), II 2–3. Hér eftir vitnað í með JÁ₁); og „Skipamál“ þar sem hann vísar til Flóamanna sögu (JÁ₁ II 8–9).

59 Af spássíuskrifum Guðbrands (BSB Isl.Cod.3(2), 1087r) er ljóst að hann veit að verið er að rugla Þórði Magnússyni saman við Þórð Halldórsson sem orti á móti *Skautaljóðum* Guðmundar Bergþórssonar.

60 JÁ₁ II 84–86. Guðbrandur leiðréttir m.a. örnefni og lýsingar á staðháttum sem hann þekkir vel.

61 JÁ₁ I 211 og JÁ₁ II 87.

62 JÁ₁ I 367.

63 JÁ₁ II 112. Í sumum tilfellum er í útgáfunni nefnt að sögnin komi frá Guðbrandi en öðrum ekki. Útgefendur nýrrar útgáfu þjóðsagnanna telja að Guðbrandur hafi skráð frásagnir af Illþurru og Ólöfu ríku eftir sóknarlýsingu Friðriks Eggerz en Guðbrandur minnst ekkert á hana (sjá Jón Árnason, *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri*, II 570 og 572).

64 Þetta á við t.d. um söguna af draugnum Goggi: JÁ₁ I 393.

65 Sagan er prentuð í JÁ₁ I 298.

66 BSB Isl.Cod.3(1), 488r.

Breytingar Guðbrands eru oft smávægilegar orðalagsbreytingar sem ekki hafa nein áhrif á efni sagnanna en þó kemur fyrir að þær skipta máli fyrir lokagerð sögu. Nefna má að í sögunni „Feigðarspár af skygnleika“ skiptir Guðbrandur um kyn á aðalsögupersónunni í síðasta hluta frásagnarinnar og hefur þjóðsagnasafn Maurers til vitnis.⁶⁸ Í sögunni sem hann gefur titilinn „Mann dreymir dauðar konur“ tekur hann út öll nöfn þar sem honum þykir efnið vera of viðkvæmt fyrir fólk sem enn er á lífi.⁶⁹ Hann skrifar á spássíu: „ist sonst zu persönlich die Ragnh. die Frau von Þorv. bóndi í Hrappey Jarðþr. frá Staðarfelli † 13. Martz 1858. Jón Eggertsson kjaptur sagði mér.“ Ástæðan fyrir því að Guðbrandur vill samt ekki sleppa sögunni er líklega sú að í henni sér hann hliðstæðu í „Atlamálum hinum grænlenku“ sem hann getur neðanmáls.⁷⁰

Eins og áður hefur komið fram sendi Maurer Jóni Árnasyni til baka tvo hluta prentsmiðjuhandritsins árið 1864. Í meðfylgjandi bréfi segir Maurer að þessir hlutar hafði verið styttnir meira og breytt heldur en öðrum hlutum safnsins.⁷¹ Þessa sér stað í sagnaþættinum af „Eggerti hinum ríka“ sem ritaður var af Matthíasi Jochumssyni (1835–1920) og tilheyrir sagnaflokknum „af einstökum galdramönnum.“ Guðbrandur skrifar við þáttinn: „Þessi þáttur sýnist mér viðvæningslega samin og of fjölorðr, sumt kemr ekki við efni þessarar bókar og mætti fella út; sumt er gott,⁷² og sker miskunnarlaust niður. Þar sem þessi hluti prentsmiðjuhandritsins og þeir hlutar sem ekki voru prentaðir bárust aftur til Jóns Árnasonar varð mögulegt að prenta þá í nýju útgáfunni.⁷³ Það átti þó ekki við varðandi þær sögur sem enduðu á safninu í Bæjaralandi eins og raunin varð um þátt Bólu-Hjálmars (1796–1875) af Guðmundi Bergþórssyni sem Guðbrandur

68 JÁ₁ I 406; BSB Isl.Cod.3(2), 1003v–1004r.

69 Maurer hafði einmitt bent á að fólk sem tengist ákveðnum sögnum vilji síður að þær komist í hámmæli (Maurer, *Isländische Volkssagen der Gegenwart*, VIII).

70 JÁ₁ I 415; BSB Isl.Cod.3(2), 1014v–1015r. Titill sögunnar í handritinu frá Jóni Árnasyni er „Jón Eggertsson“ og athyglisvert er að Jón Árnason kvæntist seinna dóttur konunnar, Ragnhildar Skúladóttur (1800–1852), sem Guðbrandur telur að tengist sögunni of persónulega.

71 NKS 3009 4to.

72 Lbs 532 4to, 306r–307v, sjá einnig Lbs 530 4to, 184v–187r. Hér og framvegis er vitnað til blaðatals skv. handrit.is.

73 Mismuninn á þættinum er hægt að sjá með því að bera saman frumútgáfuna og þá nýju: JÁ₁ I 592–594; Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, I 581–585. Hér eftir vitnað í með JÁ₂.

stytti mikið.⁷⁴ Reyndar urðu margar sögur sem komu frá Hjálmar og Gísla Konráðssyni (1787–1877) fyrir barðinu á Guðbrandi.

Sagnaþættir Gísla Konráðssonar og Bólu-Hjálmars

Í bréfum sín á milli ræða þremmenningarnir Maurer, Guðbrandur og Jón Árnason oft þær sögur sem skráðar voru af Gísla Konráðssyni og Bólu-Hjálmar. Þeir Maurer og Guðbrandur eru báðir á móti því að nota þær en Jón er ekki á sama máli. Sögur skráðar af Gísla koma fyrst við sögu í bréfi sem Jón skrifar Maurer 5. apríl 1859 en þar segist hann hafa fengið sögur frá séra Eiríki Kúld (1822–1893) í Flatey „sem bæði hefir skrifað sjálfur upp og látið Gísla gamla Konráðsson skrifa upp þess konar handa okkur.“⁷⁵ Maurer segir Guðbrandi strax frá þessu og lýsir þá þegar vantrausti sínu á þessar uppskriftir:

Leider kann ich nur zu den aus Flatey kommenden Aufzeichnungen kein volles Vertrauen fassen. Sie stammen immer von der Hand des alten Gísli Konráðsson, und wir wissen ja leider, dass dieser nicht am Gewissenhaftesten mit seinem Stoffe umgeht.⁷⁶

Maurer hafði hitt Gísla í Flatey árið áður og myndað sér álit á skrifum hans:

Snúum okkur nú að Gísla Konráðssyni en hann er sérstakt fyrirbæri í íslenskri menningu. Hann var venjulegur bóndi en aflaði sér mikillar þekkingar af eigin rammleik og samdi fjölda ritverka en þýddi líka og endursagði úr dönsku. Hann safnaði miklu, einkum um síðari alda sögu heimabyggðar sinnar, en einnig ættarskrám, þjóðsögum og þess háttar. Þá skrifaði hann upp fjölda eldri verka. [...] Margt merkilegt hefur þannig vafalaust bjargast frá glötun og gleymsku. Ég get þó ekki látið hjá líða að hvetja grúskara framtíðarinnar til að vera á verði og fara að öllu með gát. Margur íslenskur safnarinn, og ekki aðeins úr hópi bænda, er eins og Gísli jafnframt rithöfundur sjálfur. Því er

74 Sjá BSB Isl.Cod.3(2), 1081r–1086r; JÁ₂ I 453–455.

75 Bréf Jóns Árnasonar til Maurers eru varðveitt á Landsbókasafni Íslands – Háskóla-bókasafni undir safnmarkinu Lbs 2655 8vo. Mörg þeirra hafa verið skrifuð upp og eru aðgengileg á Íslenskur músík- og menningararfur: <https://ismus.is/tjodfraedi/bref/?sendandi=2738&mottakandi=636&sida=2> sótt 29. júlí 2025.

76 Bodl. GV Germ. d.2: Bréf Maurers til Guðbrands Vigfússonar frá 29. maí 1859.

Það að þeir draga ekki skýr mörk milli þess sem þeir safna og þess sem þeir skálda. Það kemur fyrir að safnarinn umbreytir ósjálfrátt því efni sem honum berst og betrumbætir jafnframt að eigin smekk. Það gerist líka að hann spinnur að geðþótta upp viðbætur við það sem honum berst í hendur og reynir að ljá þeim andblæ fyrri tíðar. Þannig getur hann blekkst seinni tíma menn. Margar sögur í safni Jóns Árnasonar, þar á meðal nokkrar frá Gísla, eru með þessum svip. Einnig er vísum hiklaust bætt inn í eldri frásagnir eins og oft var gert í fornsögunum. Það verður að segjast eins og er að sögur sem venjulegt bændafólk segir eru ólíkt svipmeiri og heilsteyptari en tilgerðarlegar frásagnir lærðra klaufa.⁷⁷

Guðbrandur deilir þessu álitum og þeir setja sögur frá Bólu-Hjálmarum undir sama hatt. Guðbrandur lætur þetta oft í ljós í bréfum til Jóns og segir til dæmis að sögur Gísla Konráðssonar séu „eins og stirðnað lík“⁷⁸ en kemst líklega sterkast að orði í bréfi sem hann skrifar 11. október 1860:

Eg hefi haft mesta gaman af sögum yðar víðast hvar, og eg vona að Maurer fari eins, en með því nulla regula er sine exceptione þá verð eg að minnast á Hallvarð Hjálmars í Bólu. Sú saga er að mínu viti öldúngis ótæk, eg held það sé ógjörlegt að prenta nema lítið eitt í henni, Ein slík saga getr spillt fyrir öllu safninu. Grafskript sera Snorra er þar rangt [...] skrifuð upp úr Minnisverðum tíðindum og flest í sögunni, enda þó það ætti við þetta safn hvað ekki er, væri okkr til óvirðingar. Málið, og eins er víða hjá gamla Gísla, er víða rangt sögumál, og bögunmælt fornryrði [...] Þér verðið að gjalda varhuga við að spilla ekki ágætu safni yðar með slíkum sögum.⁷⁹

Jón Árnason hafði látið í ljósi áhyggjur sínar af afleiðingum þess að breyta sögum Gísla og Hjálmars í bréfum bæði til Maurers og Guðbrands. Hann skrifar þeim báðum sama daginn og segir við Maurer: „mér finnst það skylda mín að láta sögurnar, sem við höfum feingið frá Gísla Konráðssyni, [...] halda sér að mestu óbreyttar“.⁸⁰ Til Guðbrands skrifar hann:

⁷⁷ Konrad Maurer, *Íslandsferð 1858*, 261.

⁷⁸ NKS 3010 4to: Bréf Guðbrands Vigfússonar til Jóns Árnasonar, 19. apríl 1860.

⁷⁹ NKS 3010 4to: Bréf Guðbrands Vigfússonar til Jóns Árnasonar, 11. október 1860.

⁸⁰ Lbs 2655 8vo: Bréf Jóns Árnasonar til Konrad Maurers, 29. júlí 1860.

Eg má játa eg er í vandræðum með sumar sögur þær, sem aðrir hafa sent mér tilbúnar, eins og t.d. frá Gísla Konráðssyni og Bólu-Hjálmar; ekki einúngis höfundarnir heldur og þeir, sem hafa útvegað mér hjá þeim sögurnar, verða reiðir við mig ef eg annað hvort fer að tína innan úr þeim (compilera og excerpera), eða eg ætli alls ekki að taka þær; hvorttveggja þykir þeim svo argt, að mér verður ekki stætt eptir. Eg finn því ekki annað úrræði, en senda sögurnar, eins og þær hafa komið til mín, að undanteknum breytingum á einstöku orðum og orðatiltækjum úreltum.⁸¹

Það er síðan Maurer sem tekur af skarið við Jón og segist taka alla ábyrgð á breytingum á sig:

Ich habe Ihnen noch in meinem letzten Briefe meine ernstlichen Bedenken wegen Form und Umfang einiger Beiträge, zumal von Hjálmar und Gísli Konráðsson, mitgetheilt, auch hat Guðbrandr auf meine Bitte, während ich krank lag, Mitte Winters Ihnen nochmals hierüber geschrieben. Mein Bedenken war ein zweifaches: erstens, das Unpassende der Form und zum Theil auch des Inhaltes für die specielle Aufgabe, welche einer Sammlung von Volkssagen verfolgt, zweitens aber auch der beträchtliche Raum machte mir zu schaffen, der durch jene Beiträge beansprucht wird. Die Zahl der Bogen, welche das Gesamtwerk umfassen soll, ist fest bestimmt und kann nicht erstreckt werden, was also auf hieher nicht gehörige Dinge oder durch zu grosse Breite der Darstellung verbraucht wird, dafür müssen die erheblichsten und besten Stücke am Ende eintreten. Nach reiflicher Überlegung und mehrmaligem Hin- und Herschreiben an Guðbrand habe ich mich endlich, mit dessen Billigung, dahin entschlossen, da Sie im Grunde mit uns völlig gleicher Meinung sind und nur den betr. Verfassern gegenüber die Verantwortung zu übernehmen scheuen, hier meinerseits vor den Riss zu stehen, von der von Ihnen mir übertragenen Erlaubniss an Ihrem Manuscripte zu ändern, Gebrauch zu machen, und auf

81 Bréf frá Jóni Árnasyni til Guðbrands Vigfússonar eru varðveitt með gögnum Guðbrands í Bodleian safni í Oxford undir safnmarkinu Bodl. GV Icel. d.1. Mörg þeirra hafa verið skrifuð upp og eru aðgengileg á Íslenskur músik- og menningararfur: <https://ismus.is/tjodfraedi/bref/?sendandi=2738&mottakandi=62&sida=1> sótt 11. júlí 2025.

eigene Wag und Gefahr hin mit Guðbrands sprachlicher Beihülfe die einschlägigen Stücke quo ad formalia umzugestalten. Sie mögen dann in der Vorrede bemerken, dass ich solche Änderungen vorgenommen habe, und so wird der etwaige Tadel, und der etwaige Verdruss der Verfasser an mir ausgehen, übrigens liegt ja solche Umgestaltung in Recht wie Pflicht jedes Herausgebers einer derartigen Sammlung, die ja nicht anders als unter Eines Leitung und Verantwortung erscheinen kann. Ich will nur hoffen, dass mein Entschluss, der wahrlich nicht leicht hin und nicht rasch gefasst wurde, in Ihrem Sinne sein möge, und mag mich mein guter Wille entschuldigen, wenn diess nicht der Fall sein sollte.⁸²

Raunin virðist þó vera sú að Guðbrandur er þá þegar búinn að breyta sögunum, strika út langa kafla og skrifa nýja texta sjálfur. Þetta sést af bréfi sem Maurer skrifar Guðbrandi sama dag og hann skrifar Jóni þar sem hann tekur fram að hann vilji ekki að Jón viti hvers konar breytingar þeir hafi gert á sögunum þannig að hann fari ekki að hafa neinar skoðanir á því.⁸³ Breytingar Guðbrands sjást vel í prentsmiðjuhandritinu og er gott dæmi einmitt sagan af Hallvarði á Horni sem Guðbrandur nefnir í bréfinu sem vitnað er í hér á undan. Frumgerðin ber titilinn „Þáttur af Halli á Horni, Snorra presti í Aðalvík og Hallvarði Hallssyni“ skráð af Hjálmari Jónssyni. Afrit Jóns Árnasonar af þættinum sem hann hefur sent til birtingar í þjóðsagnasafninu er að finna í þeim hluta prentsmiðjuhandritsins sem nú er í Lbs 532 4to (248r–296v) og þar hefur Guðbrandur skrifað á fremsta blaðið: „Alveg ónýtt“ og síðan fleiri athugasemdir, svo sem: „Þessi kafli er allt að því óhæfur í þetta safn.“ Á spássiur hefur hann víða skrifað athugasemdir eins og „eitthvað brúkanl.“ (256r), „má nota úr“ (260v), „heyrist aldrei í tali á Íslandi“ (266r), „bull“ (285v), „má kannske brúka“ (287v), „merkilegt rugl“ (290r) og „þetta hjálpar ekki að prenta hér“ (292r). Niðurstaðan verður sú að þættinum er alveg sleppt í loka-gerðinni og í staðinn birt saga skráð af Skúla Gíslasyni um „Snorra og

82 NKS 3009 4to: Bréf Maurers til Jóns Árnasonar, 24. febrúar 1861.

83 Bodl. GV Germ. d.2: Bréf Maurers til Guðbrands Vigfússonar frá 24. febrúar 1861. Textinn í bréfinu er svohljóðandi: „Absichtlich habe ich an Jón nicht bestimmt geschrieben über die Art der Umgestaltung, die wir mit den Beiträgen von Gísli und Hjálmar vorhaben, er soll im Dunkeln, und damit unbefangen bleiben, auch die Sache schon als ein fait accompli betrachten.“

Hornstrendinga“. Aftan við hana vitnar Guðbrandur síðan í óprentaðan þátt Hjálmars um að Hallur hafi verið bannsunginn og birtir vísu Halls af því tilefni.⁸⁴ Söguefnið um þessar þrjár þjóðsagnapersónur hefur þannig verið skorið niður úr tæplega 50 blaðsíðum í handriti í eina opnu. Þegar allt er talið eru einungis fimm efnisatriði frá Bólu-Hjálmarí prentuð í þjóðsagnasafninu⁸⁵ og eingöngu „Þáttur af Grími Skeljungsbana“ er prentaður nokkurn veginn í fullri lengd. Hin atriðin eru yfirleitt einungis brot úr frumritunum þar sem mikið hefur verið strikað út og breytt, ýmist af Jóni eða Guðbrandi.

Mun meira efni er komið í safnið frá Gísla Konráðssyni og þar er breytingunum aðeins öðruvísi farið. Jón fer þar greinilega oft að ráðum vina sinna, Guðbrands og Maurers, og breytir orðalagi. Yfirlýsingin frá Maurer, sem vitnað er í hér að ofan, hefur eflaust hjálpað til og ef til vill hefur Guðbrandur haft áhrif á Jón með fyrnefndu bréfi frá 11. október 1860 þar sem hann segir: „eg veit að Gísli gamli Konráðsson er heimtulaus og svo góðr maðr að honum dettr ekki í hug að engu megi breyta hjá sér, þegar menn að eins geta hans að góðu sem hann alla daga á skilið.“⁸⁶ Breytingar Jóns sjást t.d. á sögu frá Gísla sem hefur yfirskriftina „Draugahellir undir Jökli“ í frumútgáfu þjóðsagnanna.⁸⁷ Samanburðurinn er auðveldur þar sem sagan er prentuð í seinni útgáfu þjóðsagnasafnsins undir titlinum „Steintök í Dritvík og Draugahellir (undir Jökli)“⁸⁸ beint eftir uppskrift Gísla Konráðssonar.⁸⁹ Handritið Lbs 535 4to tilheyrir handritasafni Jóns Árnasonar en þar eru eingöngu sögur og söguþættir með hendi Gísla Konráðssonar. Úr þeim hefur Jón valið þó nokkrar sögur og oft breytt orðalaginu á svipaðan hátt og sögunni um Draugahelli.⁹⁰

84 JÁ₁, I 586–587; Lbs 530 4to, 175r–176r.

85 Þau koma fyrir í þessum sögum: „Þáttur af Grími Skeljungsbana“ (JÁ₁ I 247–256, JÁ₂ I 238–247); „Guðmundur Bergþórsson“ (JÁ₁ I 468–470, JÁ₂ I 453–455); „Síra Þorleifur Skaftason“ (JÁ₁ I 581–583, JÁ₂ I 569–572); „Hallur á Horni bannsunginn“ (JÁ₁ I 587, JÁ₂ I 576); „Þorbjörn kólka“ (vísa) (JÁ₁ II 130, JÁ₂ II 131).

86 NKS 3010 4to.

87 JÁ₁ I 304–305.

88 JÁ₂ I 293–294.

89 Uppskriftina er að finna á blöðum 158r–160r í Lbs 416 8vo en það er eitt frumhandrita þjóðsagnasafns Jóns Árnasonar í handritasafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

90 Sögurnar eru: „Héðinsfjarðarvofa“ (Lbs 535 4to 11v–13v; JÁ₁ I 289–290, JÁ₂ I 277–278); „Draugurinn Hundi“ (Lbs 535 4to 10r–11r; JÁ₁ I 300–301, JÁ₂ I 288–289); „Húskarlínn á Hólum“ (Lbs 535 4to 13v–14v; JÁ₁ I 307–308, JÁ₂ I 294–295); „Klaufi“ (Lbs 535 4to

Guðbrandur skiptir sér ekkert af þessum tiltölulega stuttu sögum og hið sama má segja um sögur þar sem Jón nýtir sögur frá Gísla þegar hann steypir saman mörgum heimildum í eina frásögn. Öðru máli gegnir um langa sagnaþætti Gísla en með þá fara Guðbrandur og Maurer eins og með þætti Hjálmars. Sem dæmi má nefna að Gísli hefur skrifað slíka þætti um séra Hálfðan í Felli, Galdra-Leifa, Eirík í Vogsósum og Stokkseyrar-Disu og Jón sent þá til prentunar. Þeim er öllum annaðhvort mikið breytt af Guðbrandi eða alveg felldir niður.⁹¹ Hann afsakar þetta síðan í formála sínum með orðunum: „Rúm og efni safns þessa leyfði því miðr ekki, að hagnýta nema stöku greinir úr þáttum Gísla Konráðssonar um sira Eirík í Vogsósum, sira Hálfðan á Felli, og Þorleif Þórðarsson, en bók þessi sýnir þó best hvað mart höf. hennar á að þakka ljúfri aðstoð þessa margfróða manns.“⁹²

Bæta má við að í prentsmiðjuhandritinu kallar Jón Árnason Gísla ávallt „Gísla fróða“ en Guðbrandur strikar „fróði“ út. Hann strikar líka út „fróði“ sem Jón hefur sett aftan við nafn Daða og setur Níelsson í staðinn.⁹³ Þannig smábreytingar gerir Guðbrandur oft og Maurer tekur yfirleitt alltaf tillit til þeirra þó að þar séu undantekningar á. Sem dæmi má nefna að við nafn Níelsar skálda vill Guðbrandur bæta neðanmáls „er nýdauðr, leirskáld“⁹⁴ en það gerir Maurer ekki.

126r–126v; JÁ₁ I 339, JÁ₂ I 324–325); „Guðbrandur og Mókollur“ (Lbs 535 4to 126v–131r; JÁ₁ I 339–341, JÁ₂ I 325–328); „Draugurinn Kinni“ (Lbs 535 4to 11r–11v; JÁ₁ I 342, JÁ₂ I 328–329); „Einar prestur galdrameistari“ (Lbs 535 4to 28r–31r; JÁ₁ I 528–530, JÁ₂ I 513–516); „Galdra-Brandur“ (Lbs 535 4to 120v–124r; JÁ₁ I 599–601, JÁ₂ I 591–593); „Tómasar saga“ (Lbs 535 4to 79v–80v; JÁ₁ II 166–167, JÁ₂ II 167–168); „Drepinn útilegumaður“ (Lbs 535 4to 84r–85r; JÁ₁ II 167–168, JÁ₂ II 168–169); „Jón á Sauðá“ (Lbs 535 4to 81v–84r; JÁ₁ II 170–171, JÁ₂ II 171–172); og „Gunnsteinsstaða-Sigurður“ (Lbs 535 4to 80v–81v; JÁ₁ II 171–172, JÁ₂ II 174).

91 Ólína Þorvarðardóttir hefur fjallað um breytingarnar sem gerðar voru á efni Gísla og Hjálmars áður en prentsmiðjuhandritið varð aðgengilegt til rannsókna (Ólína Þorvarðardóttir, „Þjóðsögur Jóns Árnasonar? Tilraun til heimildarárýni,“ *Þjóðlíf og þjóðtrú: Ritgerðir helgaðar Jóni Hnefli Aðalsteinsyni*, ritstj. Jón Jónsson, Terry Gunnell, Valdimar Tr. Hafstein og Ögmundur Helgason (Reykjavík: Þjóðsaga, 1998), 253–256.

92 Guðbrandur Vigfússon, „Formáli,“ xxxi. Enginn þessara þátta var prentaður í nýju útgáfunni af þjóðsögnum enda taka útgefendur hennar fram að þeir hafi „af ráðnum hug gengið fram hjá handritum stórvirkra höfunda eins og Gísla Konráðssonar og Bólu-Hjálmars,“ (JÁ₂ VI 56).

93 BSB Isl.Cod.3(1), 434r.

94 BSB Isl.Cod.3(2), 968r.

Prentsmiðjuhandrit kímnisagna Lbs 529 4to (206r–246v)

Líkt og áður kom fram sendi Maurer Jóni aftur handritin að kímnisögum og sögum af einstökum galdramönnum sem hafði verið mikið breytt og efnið styt. Dæmi um styttingar Guðbrands í frumriti kímnisagna eru fjölmargar og margar hverjar án nokkurra frekari útskýringa.⁹⁵ Í einhverjum tilfellum má þó sjá á spássíukroti Guðbrands hvers vegna sögunnar voru felldar út. Á spássíu við upphaf sögunnar „Presturinn og grautar-krukkan“⁹⁶ hefur Guðbrandur til að mynda skrifað með blýanti „Cassiert. Illa sagt frá, sagan viðbjóðsleg, eg hefi heyrt hana betri.“ Við grófasta hluta sögunnar eða þegar vindur var leystur á graut er skrifað með rauðu bleki „hér!“ og sagan felld út. Aðrar sögur gætu hafa verið teknar út vegna óviðeigandi efnis og í minnsta kosti þremur tilfellum sést hvernig Jón Árnason gefur því sjálfur undir fótinn í athugasemd sem hann skrifar í prentsmiðjuhandritið:

(Þó eg láti hér aptast blað með NB á og 3. sögnum; 1. „Þar mun ljós af verða“. 2. „Hver hefir þig hingað borið, herlegur fólinn, dólinn?“ 3. „Þú veizt, sem er, eg þekki mörinn“, held eg þær geri vont verra, því nóg mun komið af öðrum óþverra. En eg læt þær fara með til sýnis).⁹⁷

Í þessum tilfellum var Guðbrandur sammála Jóni og felldi niður ofangreindar þrjár sögur.

Guðbrandur tekur þó ekki alltaf mark á athugasemdum Jóns, svo sem við sögnina „Þú nýtur þess, guð, eg næ ekki til þín“ þar sem Jón hefur sett athugasemd á efri spássíu innan sviga: „(Er ekki þessi saga of óguðleg? til að taka hana).“⁹⁸ Ekkert svar er skrifað á spássíuna við þessari lágværu athugasemd Jóns en búið er að strika yfir athugasemdina með blýanti, langlíklegast af Guðbrandi.⁹⁹ Álit Guðbrands er því nokkuð

95 Dæmi um sögu sem var strikuð út án athugasemda og líklegt er að Guðbrandi hafi þótt óviðeigandi er sagan „Arnbjörg fótálanga“: Lbs 529 4to, 221r–v (JÁ₂ V 426–427). Allar kímni-sögurnar sem voru felldar út birtust í hinni nýju útgáfu safnsins sem kom út 1954–1961.

96 Lbs 529 4to, 212r–215r.

97 Lbs 529 4to, 220v.

98 Lbs 529 4to, 211r.

99 Yfirstrikun er líklega Guðbrands samkvæmt skýringum og athugasemdum í JÁ₂ II 581.

ljóst: hans var einfaldlega að taka lokaákvörðun og sagan „óguðlega“ var prentuð í safninu þrátt fyrir efasemdir safnarans. Hér sést að það hefur verið afdrifarík ákvörðun að gera Guðbrand Vigfússon að milliliði þeirra Jóns og Maurers. Á endanum stóð það upp á Guðbrand að taka ýmsar lokaákvörðanir varðandi safnið sem ekki var svo einfalt að bera undir Jón og Maurer vegna fjarlægðar. Það lítur meira að segja út fyrir að kaflaheitið „Kímnisögur“ hafi ekki verið runnið undan rifjum Jóns sjálfs heldur frekar Guðbrands því að í bréfi til hans segir Jón: „Kímnisögurnar (skrítlur) þykir mér ljótt orð og ofnýmóðins fóstur til þess að samaldar alþýða geti gert það enn að óskabarni.“¹⁰⁰

Formálinn

Þegar farið var að stytta í að prentun fyrsta bindis þjóðsagnasafnsins hafist þurfti, eðli málsins samkvæmt, að ganga frá ýmsu er varðaði umgjörð safnsins.¹⁰¹ Í bréfi sem Maurer skrifaði Guðbrandi 27. október 1861 segist hann ætla að ganga frá fyrsta bindi á næstu fjórum vikum og því vanti titil, tileinkun og formála annað hvort frá Jóni eða Guðbrandi sem allra fyrst.¹⁰² Þann 24. nóvember hótar hann Guðbrandi góðlátlega með því að ef efnið berist ekki til hans innan 14 daga muni hann senda á hann draug.¹⁰³ Þann 3. desember er Maurer farinn að örvænta um að efnið berist fyrir jól og segir að ef það komi ekki þurfi Guðbrandur eða hann sjálfur að skrifa formála að safninu.¹⁰⁴ Þann 20. desember segir hann að

100 Bréf Jóns Árnasonar til Guðbrands Vigfússonar, 17. júní 1861. Í þessu bréfi lét Jón óvenju margt flakka varðandi skoðanir sínar á afskiptum Guðbrands og Maurers og var framar venju heitt í hamsi.

101 Sjá einnig Rósa Þorsteinsdóttir, „Konrad Maurer,“ 377–378.

102 Bodl. GV Germ. d.2.

103 Bodl. GV Germ. d.2.

104 Bodl. GV Germ. d.2. Guðbrandur skrifar til Maurers 21. desember 1861 að hann hafi hafist handa við að skrifa eigin formála: „Nú hefi eg sest niðr til að skrifa formála, eins og þú stakst uppá í bréfi þínu og hefi þessadagana verið að safna til hans en get þó ekki sent þér hann ásamt hinu fyr en um nokkra daga. Ég hefi sýnt Jóni [Sigurðssyni] uppkast mitt og líkar þeim það vel, og hjálpar mér til að grafast eptir fleiru, og hann hefir ráðið til að fara svona að heldr en að rita undir Jóns [Árnasonar] nafni, af því fátt sem ekkert verður notað af hans formála.“: Bréf frá Guðbrandi til Maurers eru varðveitt á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni undir safnmarkinu Lbs 1056 4to, mörg hafa verið skrifuð upp og gerð aðgengileg á Íslenskur músík- og menningararfur: <https://ismus.is/tjodfraedi/bref/?sendandi=62&mttakandi=636&sida=4>, sótt 29. júlí 2025.

Guðbrandur verði að semja stutta útskýringu á því af hverju formáli Jóns fylgi ekki safninu en að hann muni birtast í öðru bindi.¹⁰⁵ Á endanum fór það svo að Guðbrandur Vigfússon skrifaði formála safnsins auk þess sem hann réði ýmsu öðru um umgjörð þess, líkt og farið verður yfir hér á eftir.

Jón Árnason hafði vissulega skrifað formála sem hann ætlaðist til að fylgdi safni sínu. Fyrst skrifaði hann stutt uppkast haustið 1860, þá mun lengri útgáfu undirritaða þann 25. apríl 1861 og svo 26. október sama ár endurbætta útgáfu sem Jón leit sjálfur á sem endanlegan formála.¹⁰⁶ Þessi formáli Jóns kom hins vegar ekki út á prenti fyrr en árið 1939 eða einum 78 árum eftir að hann var skrifaður og um 50 árum eftir lát Jóns og þá einungis sem viðauki í ljósprentaðri endurútgáfu safnsins.¹⁰⁷ Fyrstu tvær atlögur Jóns að formálanum virðast vera uppköst og af bréfum hans til Guðbrands er augljóst að honum þykja þessi skrif ekki auðveld og vill frekar einbeita sér að efni safnsins.¹⁰⁸ Enda var þessum tilraunum fálega tekið af Guðbrandi og í bréfi hans til Maurers skefur hann ekki utan af því: „Formáli Jóns líkar mér ekki; hann er þúngr gáfuskot ekkert, en strit og erfiði; vantar alla gleði og „humor“.“¹⁰⁹ Það var ekki fyrr en í lok ágúst 1861 sem Jóni Árnasyni bárust efnisleg svör um atlögu sína að formálanum frá 25. apríl. Þá var Guðbrandur staddur hjá Maurer í þýskri sveitasælu á bæ föður Maurers þar sem hann segist lifa „eins og blóm í eggi“ og þeir væru á leið saman til Alpafjallanna. Þar skrifaði Guðbrandur: „Til þess nú að spara tvímæli, þá skrifa eg í nafni okkar beggja Maurers og mín um sögur yðar það sem helzt er að athuga.“¹¹⁰ Guðbrandur ræðir svo ýmislegt varðandi safnið, til að mynda hvernig prentun þess gangi, hvaða efni verði að halda inni og hvað verði að víkja, áður en hann ræðir loks formálann. Aftur hvetur Guðbrandur Jón, líkt og áður, til þess að vera jákvæðari og diplómatisvari í garð prestanna og segir:

105 Bodl. GV Germ. d.2.

106 Þessar þrjár atlögur Jóns Árnasonar að formála má finna í handritum hans í handritasafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns undir safnmörkunum Lbs 529 4to, 97r (frá 1860); Lbs 528 4to, 1r–11v (25. apríl 1861); og Lbs 528 4to, 12r–19v (26. október 1861); sjá einnig Rósa Þorsteinsdóttir, „Konrad Maurer,“ 377–378; Rósa Þorsteinsdóttir, „Jón Árnason, ævi og störf,“ 92.

107 Jón Árnason, *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri*, 2 b. ljóspr., ritstj. Einar Arnórsson (Reykjavík: Sögufélag, 1925–1939), II 709–719. Þessari útgáfu fylgdi einnig ný nafnaskrá gerð af Guðna Jónssyni og efnisskrá gerð af Einari Ól. Sveinssyni.

108 Bodl. GV Icel. d.1. T.d. bréf 5. nóvember 1860 og 22. mars 1861.

109 Bodl. GV Germ. d.2: Bréf frá Guðbrandi Vigfússyni til Konrad Maurers, 9. júní 1861.

110 NKS 3010 4to: Bréf Guðbrands Vigfússonar til Jóns Árnasonar, 23. ágúst 1861.

um formálann. Það er mikið undir, að hann sé sem alþýðlegastr og mjúkastr, til að glýja menn og hæna til að safna meir, og þér þurfið í tómi við að leika að rita hann svo hann sé sem best gjör Í formálanum getr eitt orð spillt allri bókinni. [...] Okkr þætti best og æskilegt, að hann væri ritaðr í léttu skapi og sem bestum huga til landsmanna. Allar sögurnar standa sem opin bók fyrir yðr, svo þér hafið um auðugri aldingarð að gresja en nokkur annara. Vel væri að geta að góðu allra þeirra á Íslandi, sem best skrifa sögurnar og alþýðlegastar¹¹¹

Nokkuð ljóst er af þessum skrifum Guðbrands að Jón þurfti að leggja meiri vinnu í formála sinn ef hann ætlaði að hljóta náð fyrir augum samverkamanna sinna. Jón Árnason gerir þá þriðju og síðustu atlögu sína að formála og er sá undirritaður 26. október 1861.¹¹² Í sviga við yfirskriftina „Formáli“ stendur nú skrifað „(emendation)“ og þá endurbættu útgáfu formálans sendir Jón Guðbrandi 24. nóvember 1861 og skrifar í fylgibréfi:

Formálinn er hér og með nokkuð breyttur; ekki veit eg, hvernig yður kann að lítat á hann, en eg get ekki feingist við hann meira. Það er sjálfsagt að þér og Maurer hafið vald til að breyta því sem ykkur líkar ekki í honum. Eg hefi brotið odd af oflæti mínu í honum í fleiru en einu, lofað Íslendinga, en dregið úr lofi Maurers etc.¹¹³

Um skoðun Guðbrands á endurbættum formála Jóns má svo lesa í bréfi til Maurers þann 21. desember 1861 þar sem hann greinir frá því að þeir Jón Sigurðsson hafi ákveðið í sameiningu að formálinn sé alls ekki við hæfi fyrir safnið eða „ótækan; hann er hinn fyrri í öngu bættr.“¹¹⁴ Það var ekki fyrr en í bréfi þann 12. apríl 1862, eða um fimm mánuðum eftir að Jón sendir formálann, sem Guðbrandur svarar kalli hans: „Með formálann sjáid þér, hvað við höfum gjört. Eg vona að þér ekki firtist því, eins og það og er gjört í græskuleysi, og veit enginn nema Jón Sigurðsson og Maurer neitt um það.“¹¹⁵

111 Sama heimild.

112 Formálann (emendation) frá 26. október 1861 má finna í Lbs 528 4to, 12r–19v.

113 Bodl. GV Icel. d.1: Bréf frá Jóni Árnasyni til Guðbrands Vigfússonar, 24. nóvember 1861. Með þessu bréfi fylgdi einnig bréf Jóns til Jakobs Grimm og í bréfi til Maurers 21. desember segist Guðbrandur vera ánægður með það bréf, Lbs 1056 4to.

114 Lbs 1056 4to.

115 NKS 3010 4to.

Hér má sjá að Guðbrandur gaf Jóni í raun litlar sem engar útskýringar á þeirri ákvörðun að formáli hans hafi verið látinn víkja fyrir skrifum Guðbrands sjálfs. Maurer stakk upp á því í bréfi þann 5. janúar 1862 að þeir segi Jóni að formáli hans hafi borist þeim of seint en eins og Rósa Þorsteinsdóttir hefur bent á þá „er áhugavert að sjá að Guðbrandur laug aldrei að Jóni eins og Maurer hafði stungið upp á“ hvað þetta varðaði.¹¹⁶ Opinbera skýringin varð hins vegar sú að formáli Jóns Árnasonar hafi ekki borist í tæka tíð til þess að verða prentaður vegna þess að bókin hafi verið „prentuð í fjarska við höfundinn“.¹¹⁷ Ekki er mikið vitað um viðbrögð Jóns, hvað þá raunverulega skoðun hans á gjörningi Guðbrands og Maurers.¹¹⁸ Sigurður Nordal bendir á í „Forspjalli“ sínu í *Þjóðsagnabókinni* frá 1971 að sér þyki Jón „furðu fáorður“¹¹⁹ um þetta mál en varla fari „hjá því, að Jóni Árnasyni hafi fundizt hann sárt leikinn, [...] annar maður ritaði formálann að honum fornspurðum, þótt reynt væri að leyna lesendur því beiskasta af sannleikanum.“¹²⁰ Greinilegt er að þeim Guðbrandi og Maurer var mikið í mun að sleginn yrði réttur tónn í formála íslenska safnsins og efnið rammað inn á þann hátt sem þeim þótti sómi vera að. Höfnun þeirra á skrifum Jóns Árnasonar og möguleikinn á að særa hann var fórnar-kostnaður sem þeir voru tilbúnir að færa. Hagur safnsins var settur framar

116 Rósa Þorsteinsdóttir, „Jón Árnason, ævi og störf,“ 92.

117 Guðbrandur Vigfússon, „Formáli,“ xxxii.

118 Þegar seinna bindi *Íslenzkra Þjóðsagna og æfintýra* kom út 1864 stóð til að Jón Árnason skrifaði eftirmála sem hann og gerði og sendi áleiðis þann 27. nóvember 1863 (mest af bréfinu sjálfu hefur glatast en þetta má sjá í athugasemd sem Jón skrifar á bréf frá Guðbrandi dags. 2. nóvember 1863, NKS 3010 4to). Eftirmálinn er stuttur, um það bil ein blaðsíða, og hann sendir Jón ásamt „nafnaregistri þeirra sögumanna sem ekki eru nefndir í sögunum, einnig prentvillu blaðið úr 5 eða 6. fyrstu örkunum“. Í bréfi 2. september 1863 hafði Jón biðlað til Guðbrands um að eftirmáli hans yrði prentaður án breytinga: „Ýmsra orsaka vegna finn eg mig samt knúinn til að gefa eptirmála í fáeinum línun, formálinn er áður kominn; þér kannist við það; en þær fáu línur óska eg helzt að komi óbreyttar aptan við.“ Ekki gekk það eftir því að eftirmálinn sem fylgdi 2. bindi var skrifaður af Konrad Maurer og í bréfi 30. mars 1864 segir Guðbrandur Jóni að líkt og með formálann hafi eftirmáli hans borist þeim of seint í hendur: „Eptirmáli yðar kom þó um seint, og þótti Maurer það meir en illt. Hann setti sjálfur eptir mála stuttan og lista yfir sögumenn.“ Óneitanlega minnir ferlið varðandi eftirmálann á formálamálið og því ekki loku fyrir það skotið að skrif Jóns hafi aftur verið dæmd ónothæf af samstarfsmönnum hans og slæmar samgöngur notaðar sem tyllíastæða. Eftirmáli Jóns sem og listi hans yfir samverkamenn hans birtist enn seinna en formáli hans gerði (1939) eða tæpum 90 árum eftir ritun hans og þá í sex binda útgáfu verksins sem kom út á árunum 1954–1961, JÁ₂ II 561.

119 Sigurður Nordal, „Forspjall,“ xlviii.

120 Sama heimild.

öllu öðru og það varð formáli úr penna Guðbrands Vigfússonar sem fylgdi fyrsta bindi *Íslenzkra þjóðsagna og æfintýra* úr hlaði.

Rétt er að rýna stuttlega í mögulegar ástæður þess hvers vegna þeim Guðbrandi og Jóni Sigurðssyni fannst formáli Jóns Árnasonar ekki þess verður að fylgja safninu. Terry Gunnell hefur bent á að mögulega hafi Guðbrandi ekki þótt mikið til ritstíls Jóns koma en einnig hefur nálgun Jóns og afstaða til efnisins trúlega vegið þungt.¹²¹ Jón eyðir þó nokkru púðri í að svara þeirri gagnrýni sem fyrri safn hans og Magnúsar Grímssonar hafði fengið, sem og að ræða andstöðu margra presta við nýafstaðna söfnun. Hann segir að prestarnir hafi flestir viljað „útrýma slíkum kenningum úr hjörtum tilheyrenda sinna“¹²² og að mikið hafi kveðið „að vandlætingum hinna ákafari presta“.¹²³ Jón sýnir þessari afstöðu sumra presta þó einnig vissan skilning og segir: „Prestunum var hin mesta vorkunn og bein embættisskylda þeirra að útrýma hindurvitnum og hjátrú úr söfnuðum sínum, en með hjátrúnni misstist meira; því þegar búið var að koma inn fyrirritningu á munnmælum og alþýðlegri fornfræði hjá almenningi var það bein afleiðing að það legðist af að „segja sögur“.“¹²⁴ Eins og áður hefur komið fram má sjá í bréfum milli Guðbrands og Maurers að þeir voru mjög ósáttir við þær sneiðar sem Jón sendi prestum á Íslandi í formálanum því að þeir höfðu margir hverjir verið hans helstu hjálparhellur við þjóðsagnasöfnunina.¹²⁵

Formáli Guðbrands (24 bls.) er mun lengri en formáli Jóns (7 bls.)¹²⁶ og er heilt á litið meira á fræðilegu nótunum¹²⁷ því að Guðbrandur nýtir sérfræðipækkingu sína við skrifin. Hann byrjar á því að leggja línurnar varðandi hvernig skilja á efnið í gegnum hin nýju gleraugu þjóðernis-rómantíkur sem hefur umbylt hlutverki þjóðsagna: „Þær eru fornar í anda en nýjar að smíð; [...] skáldahugr þjóðarinnar leiðir æ fram nýjar.“¹²⁸ Guðbrandur fer síðan yfir söfnun þjóðfræða bæði í Þýskalandi og

121 Gunnell, „Jón Árnason and the Collection of Icelandic Folk Legends,“ 404; sjá einnig Gunnell, „Clerics as Collectors of Folklore“.

122 JÁ₂ I xvii–xviii.

123 Sama heimild, I xviii.

124 Sama heimild, I xviii.

125 Gunnell, „Jón Árnason and the Collection of Icelandic Folk Legends,“ 404; sjá einnig Gunnell, „Clerics as Collectors of Folklore“.

126 Fjöldi blaðsíðna er miðaður við hvernig þeir birtast í sex binda útgáfunni frá 1954–1961.

127 Gunnell, „Jón Árnason and the Collection of Icelandic Folk Legends,“ 404–408.

128 Guðbrandur Vigfússon, „Formáli,“ vi.

Danmörku, Svíþjóð og Noregi.¹²⁹ Þessu fylgir hann eftir með nokkuð ítarlegri yfirferð á söfnun þjóðfræða á Íslandi fyrr á öldum og nýtir þar menntun sína til fullnustu. Einnig stígur Guðbrandur mun léttar til jarðar í að gagnrýna prestastéttina heldur en Jón í sínum skrifum þegar hann segir að „sumir prestar skrifuðu raunar, að þetta „væri fyrir neðan sig“ og sendu ekkert, en þetta hefir margfalt bætzt upp, því aðrir prestar hafa aptr sýnt sig sem alþýðlega fræðimenn, og verið beztu sögumenn safns þessa.“¹³⁰ Gunnell segir einmitt Guðbrandi takast að feta þröngt einstigi eða:

an excellent piece of trapeze walking, not least in its expertise at meeting the interests of two markets at once, underlining the value of the collection for Old Norse enthusiasts, while simultaneously stressing that the present “united” nation is equal in ability to the forefathers.¹³¹

Guðbrandur minnst einnig töluvert á þjóðsagnapersónur í skrifum sínum, sem og góða sögumenn og gerir formálann með því kjarnyrtari og ef til vill skemmtilegri aflestrar en ella.

Tileinkun

Í bréfaskriftum sín á milli ræða þeir Jón og Guðbrandur einnig hverjum eigi að tileinka íslenska þjóðsagnasafnið og þar komu einungis tveir til greina, annaðhvort sjálfur Jacob Grimm¹³² eða samstarfsmaður þeirra Konrad Maurer. Jón leggur upp með að tileinka safnið Grimm¹³³ og biður Guðbrand um að senda sér fornafn hans og titil. Guðbrandi list ekki vel á þetta í fyrstu og skrifar: „Að eigna hana Jacob Grimm er ekki nær en að eigna hana Guttenberg eða Dr. Faust af því þeir fundu upp prentverkið

129 Guðbrandur Vigfússon, „Formáli,“ xxv–xxvi; Gunnell, „Jón Árnason and the Collection of Icelandic Folk Legends,“ 405.

130 Guðbrandur Vigfússon, „Formáli,“ xxx.

131 Terry Gunnell, „Daisies Rise to Become Oaks: The Politics of Early Folklore Collection in Northern Europe,“ *Folklore* 121 (2010): 26.

132 Wilhelm Grimm hafði látist árið 1859.

133 Líkt og gert var í fyrri bindi sænska sagnasafnsins *Svenska folk-sagor och äfventyr* en það var eina þjóðsagnasafnið útgefið af safnara sem Jón Árnason hafði séð áður en hann hóf sína söfnun (*Svenska folk-sagor och äfventyr: Efter muntlig öfverlemnning* samlade och utgifna af Gunnar Olof Hyltén-Cavallius och George Stephens. Stockholm: A. Bohlins Förlag, 1844; Rósa Þorsteinsdóttir, „Konrad Maurer,“ 379 n. 81).

og annar var göldróttir.¹³⁴ Guðbrandur telur að betur fari á því að tileinka safnið Maurer því hann væri: „betri meðmæling bókinni en Grimm sem Íslendingar ekki þekkja, enda þó hann sé ágætismaður þá á hann engan en M allan þátt í yðar bók.“¹³⁵ Jón segist samþykkja þessa tillögu Guðbrands þó honum þyki enn fara betur á því að safnið verði tileinkað Grimm.¹³⁶ Fyrsta dag ársins 1861 sendir Guðbrandur hins vegar bréf með þeirri frétt að Maurer sé það þvert um geð að láta tileinka sér safnið vegna náinnar þátttöku hans í vinnslu þess og hverfa þeir aftur að því að tileinka safnið Grimm sem Guðbrandur segir engan titil þurfa: „Nafn hans er titill hans.“¹³⁷ Jón sættir sig við þennan viðsnúning en segir samt við Guðbrand:

Leiðinlegt er með Dedicationina, það er orðin úr henni eilífur hræri grautur, Maurer er þar alt af sá sami, en þér hafið hrært í mér, og þykir mér nú ekki minna fyrir að breyta aptur til Grims Dedicationinni en áður til Maurers, þó verð eg að gera það, en mest á eg Maurer að þakka, og því er kannski ástæða að láta þetta eptir honum.¹³⁸

Tileinkun Jóns var á þessa leið:

Hinum ágæta
fræðimanna öldúngi
Jacob Grimm,
höfundi alþýðlegra sagna
eru
þessar alþýðusögur og munnmæli
helguð
af
safnandanum.¹³⁹

134 NKS 3010 4to: Bréf frá Guðbrandi Vigfússyni til Jóns Árnasonar, 11. október 1860.

135 Sama heimild.

136 Bodl. GV Icel. d1: Bréf frá Jóni Árnasyni til Guðbrands Vigfússonar, 5. nóvember 1860.

137 NKS 3010 4to. Í sama bréfi frá 1. janúar 1861 segir Guðbrandur Jóni að hann hafi þegar sent Maurer tillögu að orðalagi tileinkunarinnar til Grimms: „Eg bjó til og sendi M. Dedication sem þim líkar vel: hún er svo: Hinum ágæta fræðimanna öldúngi // Jakob Grimm / höfundi alþýðlegra sagna // eru helguð fornfræði þessi/.“

138 Bodl. GV Icel. d1: Bréf frá Jóni Árnasyni til Guðbrands Vigfússonar, 22. mars 1861.

139 Lbs 528 4to, fremra saurblið 4r. Á sama tíma stakk Jón Árnason upp á titlinum *Safn af íslenskum alþýðusögum og munnmælum*, sjá hér á eftir.

Þrátt fyrir að upphaflega hugmynd Jóns hafi hér orðið ofan á þá líkar Guðbrandi illa við orðalag Jóns og segir: „Mér líkaði ekki, og eg stakk ‚inter nos‘ undir stól yðar dedicatio til hans“ en segir áður: „Dedicationin til Grimms held eg fari bezt sem Maurer stakk upp á síðast í bréfi sínu, hún verður að vera einföld og titlalaus“.¹⁴⁰ Rétt eftir að Guðbrandur hafnar orðalagi Jóns á tileinkuninni hrósar hann samt safninu sem heild og talar um „smáaðfindni“ sína, líkt og til að blíðka Jón ef honum líkaði illa afskiptasemin.¹⁴¹ Tillaga Guðbrands (með spurningarmerki á eftir) berst Jóni frá Maurer í bréfi dagsettu 24. febrúar 1861 en kom upphaflega til Maurers frá Guðbrandi:¹⁴²

Hinum ágæta fræðismanna öldúngi,
Jakob Grimm,
höfundi alþýðlegra sagna,
eru helguð fornfræði þessi?¹⁴³

Sú tileinkun sem á endanum var prentuð kom milliliðalaust frá Guðbrandi og var á þessa leið:

Hinum ágæta fræðimanna öldúngi
JAKOB GRIMM
höfundi alþýðlegrar sagnafræði
eru helgaðar þjóðsögur þessar.¹⁴⁴

Guðbrandur setur hér orðið þjóðsögur í staðinn fyrir fornfræði og rímar það við endanlegt nafn þjóðsagnasafnsins sem einnig kom frá Guðbrandi eins og næst verður rætt.

140 NKS 3010 4to: Bréf frá Guðbrandi Vigfússyni til Jóns Árnasonar, 18. apríl 1861.

141 Sama heimild.

142 Sjá Lbs 1056 4to: Bréf Guðbrands til Maurers 14. október og 1. desember 1860 og Bodl. GV Germ. d.2 frá Maurer til Guðbrands 1. nóvember og 27. desember 1860.

143 NKS 3009 4to: Bréf frá Maurer til Jóns Árnasonar, 24. febrúar 1861.

144 JÁ₁ I [3]; BSB Isl.Cod.3(1), [1v].

Titill

Í bréfi til Konrad Maurers þann 27. mars 1860 spyr Jón Árnason: „Hvað á þá barnið að heita“¹⁴⁵ og skiljanlegt er að slík ákvörðun hafi valdið þeim Jóni, Guðbrandi og Maurer „miklum heilabrotum“ enda var það „seint útkljáð.“¹⁴⁶ Samkvæmt Sigurði Nordal hafa tvö titilblöð Jóns Árnasonar að þjóðsagnasafninu varðveist og er hið fyrra á þessa leið:

Safn af alþýðlegri fornfræði
eftir Magnús prest Grímsson og Jón stúdent Árnason.
1. bindi
Alþýðusögur.¹⁴⁷

Sigurður segir að nafnið „alþýðleg fornfræði“ hafi verið líklegt til að verða fyrir valinu þó að Jón lýsi áhyggjum af því að orðið „fornfræði“ „lofi of miklu og stórmannlegu“¹⁴⁸ samanber bréf hans til Maurers frá 29. júlí 1860. Þar segir hann þó jafnframt að ef hvert bindi beri sinn titil, til dæmis að 1. bindi beri undirtitilinn „Munnmælasögur og æfintýri“, ætti orðið „fornfræði“ fyrir heildina ekki að verða „til hneykslis.“¹⁴⁹ Stuttu síðar þurfti þó að bregðast við fyrirmælum þýska útgefandans hvað varðar lengd safnsins sem þýddi að bindunum fækkaði úr þremur í tvö.¹⁵⁰ Sú breyting gerði það að verkum að „fornfræði“ átti ekki lengur við. Í bréfi frá Guðbrandi Vigfússyni til Jóns frá 1. nóvember 1861 segir hann að sleppa verði:

kvæðum, þulum, gátum etc. og einnig leikjum, ef þér fallizt á það, og hafa aðeins sögur, og breyta eptir því titli bókarinnar, Að þessu verður varla öðruvísi farið [...] Eptir þessu verður að breyta titlinum og kalla t.d. „alþýðusögur og munnmæli.“ Fornfræði á síðr við, þar sem allt þetta, eða flest, lifir enn á tungurótum manna, þó það sé mart fornt í anda. Um þetta vonum við, að þér fallizt á okkar álit, því

145 Lbs 2655 8vo. Bréfið er prentað í *Úr fótum Jóns Árnasonar*, I 198–201.

146 Sigurður Nordal, „Forspjall“, xxxix.

147 Þetta mun vera eitt elsta uppkast Jóns Árnasonar af titilblaði og er úr vasakveri hans í Lbs 2088 4to. Mynd af því er í JÁ IV iv. Sjá einnig Sigurður Nordal, „Forspjall“, xxxviii.

148 Sigurður Nordal, „Forspjall“, xxxix.

149 Lbs 2655 8vo. Bréf frá Jóni Árnasyni til Konrad Maurers, 29. júlí 1860.

150 Guðbrandur Vigfússon lýsir þessu vandamáli sem svo í bréfi til Jóns Árnasonar: „Þá vantar magarúm, en matinn ekki,“ NKS 3010 4to, 23. ágúst 1861.

síðar koma ráð, að gefa meira út, ef þetta gengr allt vel, og betra að hafa auðugt safn af sögum, en snefil af öllu.¹⁵¹

Seint í nóvember sést í bréfi til Maurers að Jón hefur breytt titlinum í samræmi við þetta: „Eptir tillögum Yðar og Guðbrandar hefi eg nú breytt titlinum og tileinkuninni, því þess þarf; enda hefðu sumir búizt við að finna fleira fornt, en er í safninu, hefði það heitið „Safn af alþýðlegri fornfræði.““¹⁵²

Síðara uppkast að titli Jóns Árnasonar, sem Sigurður Nordal bendir á, er á þessa leið:¹⁵³

Íslenzkar og alþýðlegar munnmælasögur og æfintýri

Safnað hefir Jón Árnason

I¹⁵⁴

Í bréfi til Maurers 6. nóvember 1860 sem Jón virðist hafa skrifað um sama leyti og þetta uppkast¹⁵⁵ skrifar hann:

Titillinn er eins og okkur hefir komið saman um, einúngis skal eg geta þess, að það er ef til vill ekki nauðsynlegt að hafa orðið æfintýri, þar sem það kemur fyrir á titlunum, og bið eg Yður þá gjöra svo vel og strika það út úr þeim, ef Yður þækti það betur fara, að sleppa því orði; því reyndar koma þau eiginlegu æfintýri ekki fyrri en í VII. flokki, sem verður þó sá VIII.¹⁵⁶

Rósa Þorsteinsdóttir hefur síðar bent á að til er þriðja uppkast Jóns að titli fyrir safnið.¹⁵⁷ Það er frá því í nóvember 1861 og hljóðaði einfaldlega: „Íslenzkar alþýðusögur og munnmæli.“¹⁵⁸

151 NKS 3010 4to. Viðhorfið sem hér kemur fram um að um nýtt efni sé að ræða en ekki beinlínis fornfræði endurspeglar bæði skoðanir Guðbrands sjálfs og Jóns Sigurðssonar, sjá Gunnell „Daisies Rise to Become Oaks“, 12–37.

152 Lbs 2655 8vo: Bréf frá Jóni Árnasyni til Maurers, 22. nóvember 1861.

153 Sigurður Nordal, „Forspjall“, xxxix.

154 Þetta uppkast er í Lbs 529 4to, 96v og með fylgir tileinkun til Maurers.

155 Þetta sést á því að hann vísar í þennan titil og útskýrir af hverju hann vill nú tileinka Maurer verkið.

156 Lbs 2655 8vo.

157 Rósa Þorsteinsdóttir „Jón Árnason, ævi og störf“, 98.

158 Lbs 528 4to, fremra saurblið 3r.

Þann 7. desember 1861 sendir Guðbrandur Maurer sína eigin útgáfu af heiti safnsins *Íslenskar þjóðsögur og æfintýri*¹⁵⁹ (auk tileinkunar) að því er virðist þegjandi og hljóðalaust til prentunar í Þýskalandi þó að formálinn bíði enn úrlausnar. Hann skrifar í bréfinu til Konrad Maurers: „Ég sendi titil og dedicatio en formála ekki, um það bíð eg svars upp á mitt fyrra bréf.“¹⁶⁰ Á myndum 2 og 3 er hægt að skoða síðustu tillögu Jóns að titli og bera saman við titil Guðbrands sem varð ofan á.

Rétt er að staldra við það að orðið „þjóðsaga“ hafi orðið ofan á sem titill íslenska sagnasafnsins því orðið „í þeirri merkingu, sem síðan varð einráð“¹⁶¹ átti sér á þessum tíma litla sem enga hefð í tungumálinu. Sigurður Nordal telur að orðið hafi fyrst komið fyrir á prenti í þessari merkingu í ritfregn Jóns Sigurðssonar í *Nýjum félagsritum* um bók Maurers *Isländische Volkssagen der Gegenwart* árið 1860.¹⁶² Þessa beinu þýðingu á þýska orðinu *Volkssagen* telur Sigurður „hrjóta óvart úr penna Jóns“¹⁶³ [Sigurðssonar] og bendir á að í fyrirsögn ritfregnarinnar noti Jón sjálfur orðið „alþýðusögur“.¹⁶⁴ Orðið „þjóðsögur“ hafði þó áður komið upp hjá Jóni Árnasyni við vinnslu safnsins meðan enn stóð til að gefa út þrjú bindi og kom þá „Þjóðsögur Íslendinga“ til álita, væntanlega sem heiti á einu af bindunum.¹⁶⁵

Hér hefur verið farið yfir hvernig það æxlaðist að það var Guðbrandur en ekki safnarinn Jón Árnason sem bæði samdi formála að safninu auk þess að ákveða bæði tileinkun og titil. Guðbrandur Vigfússon ber þannig á endanum ábyrgð á flestu því er umgjörð íslenska þjóðsagnasafnsins varðar.

159 Terry Gunnell hefur bent á að titillinn sé „a direct echo of Hyllén-Cavallius and Stephens' collection from 1844–1849: *Svenska folk-sagor och äfventyr*“ (Gunnell, „Jón Árnason and the Collection of Icelandic Folk Legends“, 402).

160 Lbs 1056 4to. Bréf frá Guðbrandi Vigfússyni til Maurers, 7. desember 1861.


161 Sigurður Nordal, „Forspjall“, xl.

162 Jón Sigurðsson, „Álit um ritgjörðir“, *Ný félagsrit* 20 (1860): 194.


163 Sigurður Nordal, „Forspjall“, xl. Orðið var þá komið inn í sænsku: sjá hér nmgr. 159.

164 Sama heimild.

165 Á sama tíma og Jón Árnason hugsar sér aðaltitil safnsins sem *Alþýðleg fornfræði* stingur hann upp á í bréfi til Maurers að fyrsta bindi nefnist „Þjóðsögur Íslendinga“: sjá *Úr fornum Jóns Árnasonar*, I 200. Sjá einnig Sigurður Nordal, „Forspjall“, xl; og <https://ismus.is/tjodfraedi/bref/635>



Mynd 2. Þriðja uppkast Jóns Árnasonar að titli fyrir þjóðsagnasafnið (Lbs 528 4to, fremra saurblið 3r).



Mynd 3. Endanlegur titill þjóðsagnasafnsins frá Guðbrandi Vigfússyni (BSB Isl.Cod.3(1), 1r).

Niðurlag

Ljóst er að áhrif Guðbrands Vigfússonar á þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar voru margvísleg, ekki síst þegar litið er til þeirra óbeinu áhrifa sem líklegt er að hann hafi haft á sjálfa söfnunina. Til dæmis er mjög líklegt að hann hafi bent Konrad Maurer á vænlega sagna- og fróðleiksmenn sem hann þekkti áður en Maurer hóf ferðalag sitt um Ísland sumarið 1858 en þetta var fólk sem Maurer benti Jóni Árnasyni síðan á að leita til þegar hann hóf sína söfnun af alvöru. Einn þeirra var áðurnefndur Skúli Gíslason en hann og Guðbrandur höfðu útskrifast saman úr Lærða skólanum árið 1849.¹⁶⁶

Í formála þeirra Jóns Árnasonar og Magnúsar Grímssonar að *Íslenzkum*

¹⁶⁶ Benedikt S. Benedikz, „Guðbrandur Vigfússon,“ 14–15.

æfintýrum 1852 sést að þeir voru undir áhrifum frá Grimm bræðrum líkt og aðrir þjóðsagnasafnarar þess tíma, svo sem í þeim efnum að ekkert skuli „aflaga [...] í meðferðinni, heldur segja það með sömu orðunum, og tíðast er manna á meðal“.¹⁶⁷ Guðbrandur Vigfússon var sannarlega fylgjandi þessari aðferð eins og vel kemur fram í bréfaskiptum hans bæði við Maurer og Jón við undirbúning útgáfu *Íslenzkra þjóðsagna og æfintýra*. Það þýddi þó greinilega ekki í hans huga að aldrei mætti laga orðalagið og stílinn ef þurfa þótti eins og við höfum séð. Í einu bréfi Guðbrands til Jóns Árnasonar bendir hann á að Jón sem ritstjóri safnsins hafi „skýlausan rétt að færa sögurnar í hjúp sem yðr sýnist beztr fella úr og breyta“.¹⁶⁸ Hann var þó ekki ávallt sammála ritstjórnarstefnu Jóns og þeir Maurer tóku stundum fram fyrir hendur hans, m.a. þegar þeir ákváðu að breyta sögum og fella niður. Það var greinilega vandratað milli skers og báru fyrir Jón í því að þóknast skoðunum Guðbrands og slá rétta tóninn bæði hvað varðaði framsetningu safnsins og innihald. Eins og við höfum sýnt fram á hér að framan breytti Guðbrandur sagnaefninu í safni Jóns Árnasonar á ýmsan hátt. Hann strikaði út og bætti við, breytti orðalagi, leiðrétti og bætti við heimildum.

Áhrif Guðbrands á safnið takmörkuðust ekki við val og meðferð á innihaldi þess, heldur koma þau ekki minnst fram í endanlegri umgjörð þjóðsagnasafnsins. Ekki einvörðungu ritaði hann formála safnsins heldur hlutaðist hann til um hverjum það var tileinkað og réð einnig endanlegum titli þess.

HEIMILDIR

HANDRIT

Bodleian Library, Oxford

Bodl. GV Germ. d.2

Bodl. GV Icel. d.1

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík

NKS 3010 4to

Det Kongelige Bibliotek, Kaupmannahöfn

NKS 3009 4to

167 Magnús Grimsson og Jón Árnason, „Formáli,“ iv.

168 NKS 3010 4to: Bréf frá Guðbrandi Vigfússyni til Jóns Árnasonar, 11. október 1860.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Reykjavík

Lbs 528 4to	Lbs 1056 4to
Lbs 529 4to	Lbs 2088 4to
Lbs 530 4to	Lbs 416 8vo
Lbs 532 4to	Lbs 2655 8vo
Lbs 535 4to	BSB Isl.Cod.3(1–3)

Norsk Folkeminnesamling

NFS Asbjørnsen brev

PRENTAÐAR HEIMILDIR

- Benedikt S. Benedikz. „Guðbrandur Vigfússon: A Biographical Sketch,” *Úr Dölum til Dala: Guðbrandur Vigfússon Centenary Essays*, ritstj. Rory McTurk og Andrew Wawn. Leeds Texts and Monographs. New Series 11. Leeds: University of Leeds, 1989, 11–33.
- Craigie, William A. „Preface.” Richard Cleasby, Guðbrandur Vigfússon og William A. Craigie. *An Icelandic-English Dictionary* 2. útg. Oxford: Clarendon Press, 1957, iii–vii.
- Fix, Hans. „Gudbrand Vigfusson, Hugo Gering, and German Scholarship: Or, A Friendship Destroyed.” *Frederic Amory in Memoriam: Old Norse-Icelandic Studies*, ritstj. John Lindow og George Clark. The Wildcat Canyon Advanced Seminars: Occasional Monograph Series 2. Berkeley og Los Angeles: North Pinehurst Press, 2015, 269–302.
- „Fjölnir.” *Fjölnir* 4 (1838): 3–19.
- Frásögur um fornaldarleifar 1817–1823*. 2 bindi. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Rit 24. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1983.
- Guðbrandur Vigfússon. „Ferðasaga um Þýzkaland.” *Íslenzkar úrvælsgræinar: III. bindi greinar frá nítjándu öld*, ritstj. Bjarni Vilhjálmsson og Finnbogi Guðmundsson. Reykjavík: Menningarsjóður, 1978, 89–95.
- . „Ferðasaga úr Noregi,” *Ný félagsrit* 15 (1855): 1–83.
- . „Ferðasaga úr Þýzkalandi,” *Ný félagsrit* 20 (1860): 23–143.
- . „Formáli.” Jón Árnason, *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri*. 2 bindi. Leipzig: Hinrichs’s Bókaverzlun, 1862–1864, I v–xxxiii.
- . *Ein Islending i Noreg: Ei reiseskildring frá 1854*. Þýð. Ingeborg Donali. Vallset: Oplandske Bokforlag, 1990.
- . „Prologue in Berlin.” Guðbrandur Vigfússon og F. York Powell, *Sigfred-Arminius and Other Papers*. Oxford: Clarendon Press, 1886, 1–4.
- Gunnell, Terry. „Clerics as Collectors of Folklore in Nineteenth-Century Iceland.” *Arv: Nordic Yearbook of Folklore* 68 (2012): 45–66.
- . „Daisies Rise to Become Oaks: The Politics of Early Folklore Collection in Northern Europe.” *Folklore* 121 (2010): 12–37.
- . „Jón Árnason and the Collection of Icelandic Folk Legends: Ripples, Flotsam, Nets and Reflections.” *Grimm Ripples: The Legacy of the Grimms’*

- Deutsche Sagen in Northern Europe, ritstj. Terry Gunnell. National Cultivation of Culture 30. Leiden og Boston: Brill, 2022, 385–419.
- . „Viðhorf landsmanna til ‚þjóðmenningar‘ og þjóðsagnasöfnunar um það leyti er Sigurður Guðmundsson kom heim frá Danmörku árið 1858.“ *Málarinn og menningarsköpun: Sigurður Guðmundsson og Kvöldfélagið 1858–1874*, ritstj. Karl Aspelund og Terry Gunnell. Rit Þjóðminjasafns Íslands 47. Reykjavík: Opna og Þjóðminjasafn Íslands, 2017, 235–247.
- Jón Árnason. *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri*. 2 bindi. Leipzig: Hinrichs's Bókaverzlun, 1862–1864.
- . *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri*. 2 bindi ljóspr., útg. Einar Arnórsson. Reykjavík: Sögufélag, 1925–1939.
- . *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*. 6 bindi, útg. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson. Reykjavík: Þjóðsaga, 1954–1961.
- Jón Sigurðsson. „Álit um ritgjörðir.“ *Ný félagsrit* 20 (1860): 190–200.
- Jón Þorkelsson. „Guðbrandur Vigfússon.“ *Andvari* 19/1 (1894): 1–36.
- Katrín Matthíasdóttir. „... augliti til auglitis við Jacob Grimm fáein andartök.“ *Saga* 48/2 (2010): 181–195.
- Knowles, Elizabeth. „Notes on a First Edition of ‘Cleasby-Vigfússon’.“ *Saga-Book* 20 (1978–81): 165–178.
- Lindow, John. „George Stephens: An Unlikely Conduit.“ *Grimm Ripples: The Legacy of the Grimms' Deutsche sagen in Northern Europe*, ritstj. Terry Gunnell. Leiden og Boston: Brill, 2022, 239–258.
- Magnús Grímsson og Jón Árnason. *Íslenzk æfintýri*. Reykjavík: E. Þórðarson, 1852.
- Maurer, Konrad. „Guðbrandur Vigfússon.“ *Zeitschrift für deutsche Philologie* 22 (1890): 213–219.
- . *Isländische Volkssagen der Gegenwart*. Leipzig: J. C. Hinrichs'sche Buchhandlung, 1860.
- . *Íslandsferð 1858*, þýð. Baldur Hafstað. Reykjavík: Ferðafélag Íslands, 1997.
- . *Íslenskar alþýðusögur á okkar tímum: Leipzig 1860*, þýð. Steinar Matthíasson. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2015.
- . *Reise nach Island (im Sommer 1858)*, útg. Alessia Bauer og Kurt Schier. Münchner Nordistische Studien 31. München: Herbert Utz Verlag, 2017.
- Ólína Þorvarðardóttir. „Þjóðsögur Jóns Árnasonar? Tilraun til heimildarýni.“ *Þjóðlíf og þjóðtrú: Ritgerðir helgaðar Jóni Hnefli Aðalsteinssyni*, ritstj. Jón Jónsson, Terry Gunnell, Valdimar Tr. Hafstein og Ögmundur Helgason. Reykjavík: Þjóðsaga, 1998, 245–269.
- Ragnheiður Mósesdóttir. „Guðbrandur Vigfússon: An Icelandic Philologist in Oxford.“ *Old Norse-Icelandic Philology and National Identity in the Long Nineteenth Century*, ritstj. Gylfi Gunnlaugsson og Clarence E. Glad. National Cultivation of Culture 28. Leiden og Boston: Brill, 2022, 394–416.
- Rósa Þorsteinsdóttir. „Jón Árnason þjóðsagnasafnari og heimildarfólkið hans.“ *Grasahnoss: Minningarrit um hjónin Rögnu Ólafsdóttur og Ögmund Helgason*, ritstj. Gísli Magnússon, Hjalti Pálsson, Sigurjón Páll Ísaksson og Sölvi Sveinsson. Sauðárkróki: Sögufélag Skagfirðinga, 2014, 127–142.

- . „Jón Árnason, ævi og störf.“ *Andvari* nýr fl. 61 (2019): 87–101.
- . „Konrad Maurer: Cultural Conduit and Collector.“ *Grimm Ripples: The Legacy of the Grimms' Deutsche Sagen in Northern Europe*, ritstj. Terry Gunnell. National Cultivation of Culture 30. Leiden og Boston: Brill, 2022, 359–384.
- . „Þjóðsögur Magnúsar Grímssonar: Hlutur Magnúsar Grímssonar í upphafi þjóðsagnasöfnunar á 19. öld.“ *Gripla* 31 (2020): 105–124.
- Schier, Kurt. „Konrad Maurer, ævi hans og störf.“ Konrad Maurer, *Íslandsferð 1858*, þýð. Baldur Hafstað. Reykjavík: Ferðafélag Íslands, 1997, xiv–xxxiii.
- Sigurður Nordal. „Forspjall,“ *Þjóðsagnabókin: Sýnisbók íslenzkra þjóðsagna* I, útg. Sigurður Nordal. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1971, xiii–lvii.
- . *Síra Magnús Grímsson og þjóðsögurnar*. Reykjavík: Þjóðsaga, 1971.
- „Skrá um ritstörf Guðbrands Vigfússonar,“ *Andvari* 19/1 (1894): 36–43.
- Stefán Einarsson. *Saga Eiríks Magnússonar*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1933.
- Stephens, George. „Forslag til Islændernes uddgivne Folkesagns og Sanges Optegnelse og Bevaring.“ *Antiquarisk Tidsskrift* 1843–1845: 191–192.
- Svenska folk-sagor och äfventyr: Efter muntlig öfverlemnning samlade och utgifna af Gunnar Olof Hylltén-Cavallius och Gerorge Stephens*. Stockholm: A. Bohlins Förlag, 1844.
- Úr fórum Jóns Árnasonar: *Sendibréf*. 2 bindi, útg. Finnur Sigmundsson. Reykjavík: Hlaðbúð, 1950–1951.
- Wawn, Andrew. *The Vikings and the Victorians: Inventing the Old-North in Nineteenth-Century Britain*. Cambridge: D. S. Brewer, 2000.
- Ögmundur Helgason. „Upphaf að söfnun íslenzkra þjóðfræða fyrir áhrif frá Grimmsbræðrum.“ *Árbók Landsbókasafns* (1989) nýr fl. 15 (1991): 112–124.

NETHEIMILDIR

- Íslenskur músík- og menningararfur. Bréfasafn Jóns Árnasonar, <https://ismus.is/tjodfraedi/bref/>, sótt 31. mars 2025.
- Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn: https://landsbokasafn.is/index.php?mact=News,cntnto1,detail,0&cntnto1articleid=1911&cntnto1origid=42&cntnto1detailtemplate=LBS_NewsDetail&cntnto1returnid=42, sótt 30. mars 2025.
- Münchener DigitalierungsZentrum, <https://www.digitale-sammlungen.de/en/manuscripts-in-further-european-languages/items>, sótt 30. mars 2025.
- Tamm, Ditlev. „Johannes Nellesmann.“ Danmarks Nationalleksikon, sótt 24. mars 2025 af https://lex.dk/Johannes_Nellesmann.

ÁGRIP

„Ein slík saga getur spillt fyrir öllu safninu“: Áhrif Guðbrands Vigfússonar á þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar

Efnisorð: þjóðsögur Jóns Árnasonar, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (1862–1864), þjóðsögur, þjóðsagnaútgáfa

Greinin fjallar um áhrif Guðbrands Vigfússonar á þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (1862–1864). Sérstaklega er fjallað um ritstjórnarhlutverk Guðbrands þar sem hann breytti sögunum frá því sem Jón hafði ætlað, bætti við og sleppti sögum, auk þess að skrifa formála, tileinkun og titil. Með ítarlegri greiningu á bréfaskriftum og handritum sýnir rannsóknin fram á að Guðbrandur og samstarfsmaður hans, Konrad Maurer, höfðu mikil áhrif á lokaútgáfu safnsins. Rannsóknin varpar ljósi á hvernig Guðbrandur réð ekki aðeins miklu um efni þjóðsagnanna heldur einnig umgjörð og framsetningu safnsins.

SUMMARY

„Ein slík saga getur spillt fyrir öllu safninu“: Guðbrandur Vigfússon's impact on the published folktale collection of Jón Árnason

Keywords: Jón Árnason's folktales, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (1862–1864), folktales, folktale publication

The article examines the influence of Guðbrandur Vigfússon on Jón Árnason's folktale collection, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (1862–1864). It particularly discusses Guðbrandur's editorial role, whereby he modified the folktales from Jón's intended version, adding and omitting stories, as well as writing the preface, dedication, and title. Through a detailed analysis of correspondence and manuscripts, the study demonstrates how Guðbrandur and his collaborator, Konrad Maurer, determined the final form of the collection. The research highlights how Guðbrandur influenced not only the content of the folktales but also the framework and presentation of the collection.

Móeiður Anna Sigurðardóttir
Dunhaga 23
107 Reykjavík
moeiduranna@gmail.com

Rósa Þorsteinsdóttir
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Háskóla Íslands
Eddu, Arngrimgötu 5
107 Reykjavík
rosa.thorsteinsdottir@arnastofnun.is